

UMF TINDASTÓLL

Stofnað 1907



Ársskýrsla 2016

Efnisyfirlit

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls.....	4
Gildandi skuldbindingar.....	7
Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2016.....	8
Skýrsla aðalstjórnar.....	9
Íþróttamaður ársins	10
Lið ársins.....	12
Starfsbikarinn.....	13
Skýrsla stjórnar	14
Áritun skoðunarmanna.....	14
Ársreikningur aðalstjórnar	15
Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar	20
Ársreikningur knattspyrnudeildar	35
Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar	37
Ársreikningur körfuknattleiksdeildar.....	39
Skýrsla stjórnar unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	41
Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar	43
Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar.....	45
Ársreikningur frjálsíþróttadeildar	46
Skýrsla stjórnar sunddeildar.....	48
Ársreikningur sunddeildar	51
Skýrsla stjórnar skíðadeildar.....	53
Ársreikningur skíðadeildar.....	55
Skýrsla bogfímideildar.....	57
Ársreikningur bogfímideildar	58
Skýrsla júdódeildar	60
Ársreikningur júdódeildar.....	63
Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson.....	65
Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson	66

Lög Ungmennafélagsins Tindastóls

1. grein. Heiti félagsins:

Félagið heitir Ungmennafélagið Tindastóll, skammstafað U.M.F.T. Heimili þess og varnarþing er á Sauðárkróki.

2. grein. Tilgangur félagsins:

Tilgangur félagsins er að standa fyrir iðkun íþróttá á Sauðárkróki meðal félagsmanna sinna og efla íþróttastarf á Sauðárkróki.

3. grein. Merki félagsins og búningur

Merki félagsins er hvítt T í jafnarma þríhyrningi í bláum og rauðum grunni. Notkun merkisins er óheimil á öðru en keppni- og æfingafatnaði nema með leyfi aðalstjórnar félagsins.

Keppnisbúningur félagsins er vínrauður að lit. Varabúningar skulu vera í samræmi við félagsliti ef kostur er. Sé þess ekki kostur skal deild leita samþykkis Aðalstjórnar.

4. grein. Innganga og úrsögn:

Félagar geta allir orðið, sem lagt hafa fram skriflega inntökubeiðni, með upplýsingum um fullt nafn, kennitölu og heimilisfang. Þó skulu unglingar innan 18 ára aldurs leggja fram skriflegt leyfi a.m.k. annars foreldris eða forráðamanns til inngöngu. Þegar þessi skilyrði hafa verið uppfyllt er umsækjandi þegar fullgildur félagi. Jafnframt verða allir þeir sem opinberlega keppa undir merki félagsins sjálfkrafa félagar.

Úrsögn úr félaginu skal tilkynna skriflega til aðalstjórnar.

Aðalstjórn félagsins heldur skrá yfir alla meðlimi félagsins, svo séð verði á hverjum tíma hverjir eru fullgildir félagar.

5. grein. Félagsgjöld:

Félagar skulu greiða árgjald til félagsins. Skal það ákveðið á aðalfundi ár hvert. Árgjald rennur til aðalstjórnar félagsins.

6. grein. Deildir:

Iðkendum hvernar íþróttagreinar er heimilt að mynda deildir innan félagsins. Hver íþróttadeild skal hafa sérstaka stjórn og aðskilin fjárhag. Skal hver deild sjá um sig sjálf fjárhagslega og hafa tekjur að ágóða móta og kappleikja í viðkomandi grein, svo og af öðrum fjáröflunum, sem hún tekur sér fyrir hendur í samráði við aðalstjórn. Stjórn hvernar deildar annast rekstur hennar.

Að öðru leyti lúta deildirnar sameiginlegri aðalstjórn félagsins, sem fer með æðsta vald í málum þess milli aðalfunda.

Ákvörðun um stofnun nýrrar deildar innan félagsins verður aðeins tekin á aðalfundi.

7. grein. Aðalstjórn:

Aðalstjórn félagsins skipa 5 menn; formaður, ritari, gjaldkeri, varaformaður og meðstjórnandi. Skulu þeir kosnir á hverjum aðalfundi til eins árs í senn. Formaður skal kosinn sérstaklega, en að öðru leyti skiptir stjórnin sjálf með sér verkum. Formaður stjórnar fundum eða skipar aðra félagsmenn til þess. Ritari heldur gjörðabók félagsins og ritar fundargerðir. Gjaldkeri innheimtir tekjur og greiðir gjöld félagsins. Gjaldkeri heldur reikninga félagsins.

Reikningsár félagsins er almanaksárið 1. janúar til 31. desember.

8. grein. Aðalfundur:

Aðalfundur félagsins hefur æðsta vald í öllum málum þess og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal haldinn á tímabilinu frá 15. febrúar til 15. apríl ár hvert.

Aðalfundur skal boðaður með minnst 14 daga fyrirvara og er hann lögmætur, sé löglega til hans boðað.

Dagskrá aðalfundar skal vera eftirfarandi:

1. Formaður setur fundinn
2. Kosning fundarstjóra og fundarritara
3. Skýrsla stjórnar
4. Reikningar félagsins lagðir fram til samþykktar
5. Lagabreytingar
6. Ákvörðun árgjalda
7. Kosning formanns, fjögurra manna í stjórn, þriggja varamanna í stjórn og tveggja skoðunarmanna
8. Önnur mál

Aðalfundur úrskurðar um meint brot á félagslögum og ákvarðar viðurlög.

Einfaldur meirihluti greiddra atkvæða ræður úrslitum mála á aðalfundi að undanskyldum þeim málum sem fjallað er um í 16. og 17. grein.

Aukaaðalfund skal boða með sama hætti og reglulegan aðalfund. Reglur um aðalfund gilda, eftir því sem við á, um aukaaðalfund. Þó skulu lagabreytingar, stjórnarkjör og stofnun nýrra deilda, aðeins fara fram á reglulegum aðalfundi.

9. grein. Félagsfundir:

Félagsfund skal boða ef a.m.k. 20 félagsmenn krefjast þess eða þegar aðalstjórn ákveður.

10. grein. Heimild stjórnar:

Heimilt er stjórn að skipa í nefndir milli aðalfunda er þurfa þykir. Allir félagar í U.M.F.Í. hafa málfrelsi og tillögurétt á félagsfundum.

11. grein. Verkefni stjórnar:

Aðalstjórn skal vinna að því að efla félagið á allan hátt og gæta hagsmuna þess út á við. Hún skal einnig samræma starfsemi félagsins inn á við og hafa eftirlit með starfsemi deildanna. Hún hefur umráðarétt yfir eignum félagsins og markar stefnu þess í öllum veigamiklum málum. Hún skal þó jafnan hafa samráð við stjórnir deildanna um mál er þær varðar sérstaklega.

12. grein. Stjórnir deilda:

Hver deild innan félagsins skal hafa sérstaka stjórn, sem skipuð er þremur mönnum hið fæsta. Skulu þeir kosnir á aðalfundum deildanna, en hver deild skal halda aðalfund árlega. Reglur um fundarboðun, lögmæti fundar og dagskrá, sem gilda um aðalfund félagsins, gilda einnig um aðalfundi deildanna, eftir því sem við á. Að loknum aðalfundi hvers deildar og eigi síður en 15. febrúar ár hvert, skulu stjórnir deildanna skila aðalstjórn skýrslu sinni um starfsemi viðkomandi deildar, ásamt endurskoðuðum og samþykktum reikningum deildarinnar.

Aðalstjórn skal taka helstu atriði úr skýrslum deildanna upp í skýrslu sína á aðalfundi félagsins.

Vanræki íþróttadeild að halda aðalfund á lögákveðnum tíma, skal aðalstjórn félagsins boða til fundarins og sjá um framkvæmd hans.

Einstakar deildir skili rekstraruppgjöri til aðalstjórnar á fjögurra mánaða fresti 30. apríl, 31. ágúst og 31. desember ár hvert.

13. grein. Formannafundir:

Eigi sjaldnar en þrisvar á ári skal aðalstjórn félagsins halda fundi með formönnum deildanna, þar sem þeir gera stjórninni grein fyrir starfsemi deildanna. Á fundum þessum skal einnig

ákveða skiptingu styrkja og annarra tekna aðalsjóðs félagsins milli deildanna og samræma starfsemi þeirra. Komi upp ágreiningur milli einstakra deilda, sker aðalstjórn úr.

14. grein. Eignir félagsins:

Allar eignir félagsins, hvort sem þær eru í umsjá aðalstjórnar eða einstakra deilda, er sameign félagsins. Hætti íþróttadeild starfsemi, skal stjórn hennar afhenda aðalstjórn allar eignir hennar svo og fundargerðarbækur og hverskonar gögn, sem varða starfsemi hennar. Verðlaunagripir og verðmæt skjöl skulu ávallt vera í vörslu aðalstjórnar.

15. grein. Skuldsetning félagsins:

Óheimilt er að skuldsetja félagið eða einstakar deildir þess nema með samþykki meirihluta aðalstjórnar. Stofni einstakar deildir fjárhagslega skuldbindingu án þessa samþykkis verða þær á ábyrgð þeirra sem til þeirra stofna og félaginu óviðkomandi.

16. grein. Heiðursveitingar:

Heiðursfélagsmerki U.M.F. Tindastóls. Aðalfundur hefur heimild til að kjósa heiðursfélaga að tillögu stjórnar, en umræður um uppástungu að heiðursfélaga skulu ekki leyfðar. Við þá samþykkt þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Heiðursfélögum skal við hátíðlega athöfn afhent heiðursmerki U.M.F. Tindastóls úr gulli, sem er æðsta heiðursmerki ungmennafélagsins. Viðtakandi verður að hafa unnið mikið og samfellt starf fyrir U.M.F. Tindastól.

Starfsmerki U.M.F. Tindastóls má veita fyrir frábært átak eða afrek í félagstörfum, skipulagstörfum, framkvæmdastjórn eða á íþróttasviðinu. Til grundvalla þarf ekki að liggja langt samfellt starf.

Gestamerki U.M.F. Tindastóls má veita aðilum utan félagsins, sem í verki hafa sýnt því sérstakan sóma og velvild.

17. grein. Lagabreytingar:

Engu má breyta í lögum þessum nema á aðalfundi og þá með 2/3 hluta greiddra atkvæða. Tillögur Aðalstjórnar til lagabreytinga skulu tilkynntar með aðalfundarboðinu og skulu þær liggja frammi hjá Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund félagsins. Tillögur félagsmanna um lagabreytingar skulu berast Aðalstjórn félagsins eigi síðar en 7 dögum fyrir aðalfund og skulu þær liggja frammi á skrifstofu félagsins til fundardags. Heimilt er þó að taka fyrir á aðalfundi tillögur til breytinga á lögum, sem síðar koma fram, ef 2/3 greiddra atkvæða samþykkja. Greini lög þessi á við sambandslög U.M.F.Í eru sambandslögin réttari meðan félagið er í U.M.F.Í.

18. grein. Gildistaka:

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins.

Samþykkt á aðalfundi 2. mars 2016.

Gildandi skuldbindingar

Hlutfallsskipting tekna

- Knattspyrnudeild 35%
- Körfuknattleiksdeild 35%
- Frjálsíþróttadeild 14%
- Skíðadeild 7%
- Sunddeild 7%
- Aðalstjórn 2%

Deildir

- 75% af styrkjum Kaupfélags Skagfirðinga (4.200.000 á ári) skulu fara í barna- og unglíngastarf.

Ársskýrsla Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2016

Lagt fram á aðalfundi félagsins 6. mars 2017.

Stjórn U.M.F. Tindastóls, sem kosin var á aðalfundi félagsins 2. mars 2016:

Helgi Sigurðsson, formaður
Þórunn Ingvadóttir, varaformaður
Magnús Helgason, gjaldkeri
Kolbrún Marvia Passaro, ritari
Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

Varamenn í stjórn:

Jón Daníel Jónsson
Ingibjörg Huld Þórðardóttir
Gunnar Þór Gestsson

Skoðunarmenn reikninga:

Bertína Guðrún Rodriguez
Gunnar Þór Sveinsson

Stjórnarfundir voru haldnir óreglulega á árinu. Allar fundargerðir eru aðgengilegar á vef félagsins, tindastoll.is. Rétt til setu á stjórnarfundum hafa auk stjórnar og varastjórnar félagsins, formenn deilda félagsins eða aðrir stjórnarmenn sem fulltrúar þeirra.

Rafrænt vinnusvæði félagsins hjá Fjölnetinu geymir öll gögn um starfssemi félagsins, tölvupósta, skjöl, fundargerðir og bókhaldskerfi.

Hópanúmer Tindastóls hjá N1 er 414

Heiðursfélagar Ungmennafélagsins Tindastóls eru
Árni Guðmundsson, Súluhólum 2, Reykjavík
Páll Ragnarsson, Birkihlíð 35, Sauðárkróki
Stefán Pedersen, Smáragrund 15, Sauðárkróki

Heimilisfang Ungmennafélagsins Tindastóls
Víðigrund 5, 550 Sauðárkróki
Kennitala 650269-5949
Netfang: tindastoll@tindastoll.is
Heimasíða: tindastoll.is

Skýrsla aðalstjórnar

Starfsemi UMF Tindastóls hefur verið með nokkuð hefðbundnu sniði árið 2016.

Aðalfundur var haldinn þann 2. mars sl. í Húsi Frítímans. Stjórn félagsins skipa. Helgi Sigurðsson Formaður, Laufey Skúladóttir, Þórunn Ingvadóttir, Kolbrún Passaro og Magnús Helgason

Rekstur félagsins er svipaður og verið hefur undanfarin ár. Miklu máli skiptir að haldið sé þétt utan um rekstur allra deilda því hver króna telur.

Aðalstjórn vill þakka kærlega þann ómetanlega stuðning sem við höfum fengið í formi styrkja og framlaga frá Sveitarfélaginu Skagafirði, Kaupfélagi Skagfirðinga og Fjölnet, sem hafa stutt við bakið á okkur undanfarin ár.

Ný heimasíða félagsins er komin í gagnið og viljum við þakka öllum þeim sem hafa komið að málum við gerð hennar.

Íþróttafólk okkar náði á síðasta ári góðum árangri í mörgum íþróttagreinum og er von okkar að svo verði áfram. Óskum við öllu okkar íþróttafólki alls hins besta á komandi misserum.

Aðalstjórn UMF Tindastóls vill sérstaklega þakka þeim fjölmörgu sjálfboðaliðum innan félagsins sem með þrautseigju og eljusemi hafa rekið deildir félagsins með frábærum árangri undanfarin ár. Seint verður metið til fulls sú fórnfýsi og vilji til að láta gott af sér leiða.

Undanfarna mánuði hafa verið uppi hugmyndir um að gera gervigrasvöll á Sauðárkróki. Aðalstjórn fagnar þessu og er þá loksins útlit fyrir að knattspyrnuíðkendur fái góða aðstöðu til æfinga og keppni.

Við erum svo lánsöm að hafa hér einn besta frjálsíþróttavöll landsins og ber að þakka þeim sem unnu baki brotnu við gerð vallarins og unnu gríðarlega gott verk. Margir í sjálfboðavinnu stóran hlutann. Fyrstu árin vöru haldin fjölmörg Íþróttamót á vellinum, stór og smá í sniðum. Seinni árin hefur þessum mótum fækkað umtalsvert og er svo komið að aðeins örfá mót eru haldin á Sauðárkróksvelli ár hvert. Aðalstjórn skorar á frjálsíþróttamenn að koma Sauðárkróksvelli aftur á kortið sem einum besta frjálsíþróttavelli landsins.

Með kveðju.

Helgi Sigurðsson
Formaður UMF Tindastóls.

Íþróttamaður ársins

Tilnefningar til Íþróttamanns Tindastóls 2016:

Knattspyrnudeild – Hrafnhildur Björnsdóttir og Ingvi Hrannar Ómarsson

Ingvi Hrannar lék með öllum yngri flokkum Tindastóls og síðan með m.fl. félagsins. Hann hefur alla tíð leikið með liði Tindastóls og haldið tryggð við sitt uppeldisfélag. Ingvi Hrannar er einstakur liðsfélagi og getur leikið fjölmargar stöður á vellinum, í vörn, á miðjunni og í sókn. Ingvi Hrannar er góð fyrirmynd yngri leikmanna og framkoma hans og vinnusemi innan vallar sem utan er öðrum til eftirbreytni. Ingvi Hrannar hefur skorað 41 mark á sínum ferli með m.fl. Tindastóls og hefur unnið Íslandsmeistaratitil með Tindastóli þrisvar sinnum, árið 2010, 2011 og 2016.

Hrafnhildur er góður knattspyrnumaður og góð fyrirmynd innan vallar sem utan. Hún var fyrirliði liðsins síðasta sumar og hefur spilað með Tindastól síðastliðin ár. Hrafnhildur spilaði alla fjórtán deildar- og bikarleiki meistaraflokks kvenna á síðasta ári og skoraði eitt mark.

Skíðadeild – Birna María Sigurðardóttir

Birna María Sigurðardóttir er búin að vera besti skíðamaður Tindastóls undanfarin ár.

Hún hefur verið dugleg að sækja æfingar hér heima og erlendi leggur sig alltaf alla fram og er frábær fyrirmynd. Hún hefur tekið þátt í fjölmörgum mótum og ávalt verið verið okkur til mikilla sóma.

Það sem stendur uppúr seinasta vetur eru heimamótin þar sem hún sigraði báðar greinar og var einnig með brautartímann í bæði á Sauðárkróks Bakarismóti og Steinullarmótinu.

Frjálsíþróttadeild – Ísak Óli Traustason

Ísak Óli hefur náð frábærum árangri í frjálsíþróttum á árinu 2016. Ísak æfir tugþraut og varð í öðru sæti í þeirri grein á MÍ í fölþrautum í byrjun febrúar. Hann hafnaði í öðru sæti í 60 metra grindahlaupi á Reykjavík International Games og sömuleiðis á MÍ innanhúss. Hann varð Íslandsmeistari í Langstökki karla 19 – 22 ára innanhúss.

Í sumar varð Ísak þriðji í 110 metra grindahlaupi á Meistaramóti Íslands í flokki fullorðinna. Hann kórónaði svo árið með því að verða tvöfaldur Íslandsmeistari í sínum aldursflokki, í 110 metra grindahlaupi á nýju mótmeti (15,23 sek) og sömuleiðis í langstökki á nýju mótmeti (6,92 metrar).

Ísak Óli er flott fyrirmynd fyrir yngri iðkendur. Hann hefur með elju og dugnaði tekið framförum ár eftir ár og er kominn í fremstu röð frjálsíþróttamanna á landinu.

Júðódeild – Viktor Darri Magnússon

Viktor Darri hefur verið að æfa júdó í á þriðja ár. Hann mætir vel á æfingar og hefur sýnt stöðugar framfarir.

Árangur hans í keppnum á árinu var mjög góður: hann sigraði á Afmælistóti JSÍ, Vormóti JSÍ og Páskamóti JR. Viktor varð svo í öðru sæti á Íslandsmótinu og vormóti Tindastóls. Þá sigraði hann á Haustmóti JSÍ og er norðurlandsmeistari frá því í haust.

Körfuknattleiksdeild – Pétur Rúnar Birgisson

Pétur hefur undanfarin þrjú keppnistímabil stýrt liði Tindastóls sem leikstjórnandi í ungling-, drengja og meistaraflokki Tindastóls og staðið sig frábærlega í því hlutverki. Einnig lék Pétur stórt hlutverk með U20 ára landsliðinu á árinu þar sem liðið vann sig upp í að leika sem A þjóða. Þá á Pétur stóran þátt í því að lið Tindastóls er í efsta sæti Úrvalsdeildarinnar í körfubolta auk þess sem hann var valinn í úrvalsið Dominos deildarinnar 16. desember sl..



Aðilar tilnefndir til íþróttamanns Tindastóls 2016 og fulltrúar þeirra



Pétur Rúnar Birgisson, Ásta pálmadóttir og Helgi Sigurðsson



Pétur Rúnar Birgisson, íþróttamaður Tindastóls 2016

Val á íþróttamanni ársins fór fram á sérstakri athöfn Húsi frítímans þann 22. desember 2016. Þar var Pétur Rúnar Birgisson körfuknattleiksmaður valinn íþróttamaður Tindastóls 2016.

Ásta Pálmadóttir sveitarstjóri afhenti Pétri farandbikar og bikar til eignar ásamt Helga Sigurðssyni formanni Tindastóls.

Þess má geta að Pétur Rúnar var einnig valinn íþróttamaður Skagafjarðar 2016 hjá UMSS

Lið ársins

Lið m.fl. karla í knattspyrnu var valið lið ársins. Liðið lék í 3.deild árið 2016 og sigraði deildina með yfirburðum sem vöktu athygli víða. Liðið hampaði Íslandsmeistaratitli og fékk bikarinn afhentan áður en leiktíðinni lauk, yfirburðirnir voru slíkir.

Liðið lék 18 leiki á deildinni, tapaði fyrsta leik en sigraði síðan alla leikina 17 sem eftir voru en þetta er ótrúlegt afrek í íslenskri knattspyrnusögu. Þessi ótrúlegi árangur og velgengni náði langt út fyrir bæjarmörkin enda verður þetta líklega ekki leikið eftir í bráð.

Starfsbikarinn

Formaður UMF Tindastóls afhenti Skúla Jónssyni starfsbikarinn sem Ómar Bragi Stefánsson gaf félaginu á 100 ára afmæli félagsins 2007. Skúli hefur í mörg ár starfað fyrir félagið á ýmsum vettvangi. Hann hefur unnið gott og ósérhlífið starf fyrir knattspyrnudeild Tindastóls.



Skúli Jónsson og Helgi Sigurðsson við afhendingu starfsbikarsins 2016.

Fyrri handhafar starfsbikarsins.

Hrafnhildur S. Pétursdóttir	2008
Rannveig Helgadóttir	2009
Jóhann Sigmarsson	2010
Gunnar Sigurðsson	2011
Brynjar Birgisson	2012
Kári Maríusson	2013
Kristjana Jónsdóttir	2014
Margeir Friðriksson	2015
Skúli Jónsson	2016

Skýrsla stjórnar

Að áliti stjórnar UMF Tindastóls koma fram í ársreikningi þessum allar þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu aðalstjórnar UMF Tindastóls í lok árs 2016 og rekstri aðalstjórnar á árinu 2016.

Stjórn aðalstjórnar UMF Tindastóls staðfestir ársreikning þennan fyrir árin 2016 með áritun sinni hér fyrir neðan.

Sauðárkóki, 6. mars 2017

Í stjórn:

Helgi Sigurðsson, formaður

Þórunn Ingvadóttir, varaformaður

Magnús Helgason, gjaldkeri

Kolbrún Marvia Passaro, ritari

Laufey Kristín Skúladóttir, meðstjórnandi

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn ársreiknings Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls, höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og gerum engar athugasemdir. Ársreikningurinn samanstendur af rekstrarreikningi ársins 2016 og efnahagsreikningi 31. desember 2016. Við teljum að ársreikningurinn gefi rétta mynd af afkomu Aðalstjórnar Ungmennafélagsins Tindastóls árið 2016 og efnahag í árslok 2016.

Sauðárkróki, 6. mars 2017

Bertína Guðrún Rodríguez

Gunnar Þór Sveinsson

Ársreikningur aðalstjórnar Rekstrarreikningur ársins 2016

		2016	2015
Tekjur			
Fjáröflun:			
Lottó		1.537.452	1.350.501
Félagsgjöld		310.300	65.000
		1.847.752	1.415.501
Styrkir:			
Svf. Skagafjörður, húsaleigustyrkur	1	23.835.840	22.953.690
Svf. Skagafjörður, styrkur til deilda		5.895.000	5.895.000
Kaupfélag Skagfirðinga		4.200.000	4.200.000
Sparisjóður Skagafjarðar		0	2.500.000
N1 hf.		0	39.930
Fjölnet hf.		1.503.726	1.836.813
Arion banki hf., Sauðárkróki		147.135	25.000
		35.581.701	37.450.433
Aðrar tekjur			
Tekjur af bifreiðum		3.043.380	2.444.640
Tekjur alls:		40.472.833	41.310.574
Gjöld:			
Svf. Skagafjörður húsaleiga	1	23.835.840	22.953.690
Styrkir til deilda	2	9.893.100	12.343.100
Pappír, ritföng, auglýsingar og sími	3	209.463	131.786
Þjónustugjöld	4	133.676	7.125
Stjórnunarkostnaður	5	51.480	27.000
Rekstur bifreiðar	6	3.230.218	2.644.361
Tölvukostnaður		1.527.684	1.854.799
Heimasíða tindastoll.is		1.089.531	0
Húsaleiga Víðigrund 5		314.769	309.517
Íþróttamaður Tindastóls		254.490	11.000
Félagsgjald UMSS		224.700	256.900
Tryggingar		12.327	12.294
Annar kostnaður	7	77.500	224.005
Gjöld alls		40.854.778	40.764.577
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði		-381.945	545.997
Afskrift fastafjármuna	8	1.587.578	2.845.157
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:			
Vaxtatekjur		72.989	94.733
Vaxtagjöld		502	7.622
		72.487	87.111
Hagnaður (-tap) ársins		-1.897.036	-2.212.049

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

		31.12.2016	31.12.2015
Eignir			
Fastafjármunir:			
5% eignarhluti í Bifröst (FM)		2.372.000	2.267.000
Geymslukofi á íþróttavelli	8	25.000	50.000
Bifreið Mercedes Benz Sprinter TTR07	8	1.232.578	2.465.156
Bifreið Mercedes Benz RK587	8	852.500	1.182.500
Fastafjármunir samtals		4.482.078	5.964.656
Veltufjármunir:			
Arion banki nr. 140		3.980.202	2.252.817
Arion banki nr. 16366		308.155	151.249
Krafa á deildir	9	81.140	1.000.000
Viðskiptakröfur	10	0	1.140.971
Veltufjármunir samtals		4.369.497	4.545.037
Eignir samtals		8.851.575	10.509.693
Skuldir og eigið fé			
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreiddir reikningar	11	359.096	143.960
Skuld við deildir	12	0	81.218
Skammtímaskuldir samtals		359.096	225.178
Skuldir samtals		359.096	225.178
Eigið fé:			
Eigið fé frá fyrra ári		10.284.515	12.429.564
Endurmat ársins		105.000	67.000
Hagnaður (-tap) ársins		-1.897.036	-2.212.049
Eigið fé samtals		8.492.479	10.284.515
Skuldir og eigið fé samtals		8.851.575	10.509.693

Skýringar

	2016	2015
1. Húsaleigustyrkur		
Íþróttahúsið á Sauðárkróki.....	14.276.600	12.818.000
Íþróttavöllurinn á Sauðárkróki.....	2.935.000	3.071.470
Skíðasvæðið í Tindastól.....	3.660.000	3.905.360
Sundlaug Sauðárkróks.....	2.235.000	2.239.500
Íþróttahúsið í Varmahlíð.....	729.240	919.360
	23.835.840	22.953.690
2. Styrkir til deilda		
Frjálsíþróttadeild.....	1.413.300	1.763.300
Knattspyrnudeild.....	3.533.244	4.408.244
Körfuknattleiksdeild.....	3.533.244	4.408.247
Skíðadeild	706.656	881.653
Sunddeild.....	706.656	881.653
	9.893.100	12.343.100
3. Prentun, ritföng, auglýsingar og sími		
Sími.....	88.201	92.362
Ritföng.....	1.099	1.185
Prentun.....	57.316	30.430
Auglýsingar.....	62.847	7.809
	209.463	131.786
4. Þjónustugjöld banka		
Innheimtukröfur Arion.....	125.735	0
Seðil- og þjónustugj.....	7.941	7.125
	133.676	7.125
5. Stjórnunarkostnaður		
Formannafundur.....	51.480	27.000
	51.480	27.000
6. Rekstur bifreiða		
TTR07		
Tekjur.....	2.264.440	2.045.340
Kostnaður.....	2.070.848	1.597.172
	193.592	448.168

RK587

Tekjur.....	778.940	399.300
Kostnaður.....	1.159.370	1.047.189
	-380.430	-647.889

7. Annar kostnaður

Styrkur frá Arion banka v. Styrktarhlaups...	25.000	250.000
Stoð v. hönnunar á íþróttasvæði.....	0	186.000
Skyndihjálparnámskeið.....	52.500	0
Annað.....	0	2.005
	77.500	224.005

8. Afskriftir fastafjármuna

	Bifreiðar	Geymslukofi
Stofnverð 1/1.....	13.975.784	250.000
Afskrifað alls 1/1.....	-10.328.128	-200.000
Afskrifað á árinu.....	-1.562.578	-25.000
Bókfært verð 31/12.....	2.085.078	25.000
Stofnverð alls 31/12.....	13.975.784	250.000
Afskrifað alls 31/12.....	-11.890.706	-225.000
Bókfært verð 31/12.....	2.085.078	25.000

9. Krafa á deildir

Körfuknattleiksdeild.....	64.140	0
Knattspyrnudeild.....	17.000	1.000.000
	81.140	1.000.000

10. Viðskiptakröfur

N1 hf.....	0	39.930
UMSS.....	0	1.101.041
	0	1.140.971

11. Ógreiddir reikningar

Grettistak veitingar ehf.....	198.505	0
Skúli Jónsson.....	98.000	75.000
Advania hf.....	19.681	0
Stefna ehf.....	16.368	0
Nýprent ehf.....	16.117	0
Síminn hf.....	10.425	14.040
Kaupfélag Skagfirðinga.....	0	54.920
	359.096	143.960

12. Skuld við deildir

Körfuknattleiksdeild.....

0	81.218
0	81.218



Skýrsla stjórnar knattspyrnudeildar

Frá formanni



Starfsárið 2016 var gott knattspyrnuár. Bæði fyrir Tindatól og ekki síður íslenskan fótbolta þar sem glæsilegur árangur karlalandsliðs okkar á EM í Frakklandi stendur uppúr.

Árangur m.fl. karla hjá okkur var frábær, liðið vann 17 leiki í röð sem er ekki sjálfgefið í íslenskum fótbolta og um allan heim. Liðið lék í 3.deild og sigraði með glæsibrag og tryggði sér sæti í 2.deild á komandi keppnistímabili. Tveir þjálfara þeir Stefán Arnar og Haukur Skúlason þjálfuðu liðið og stóðu sig framúrskarandi vel.

M.fl. kvenna átti líka ágætt tímabil og tryggði sér sæti í nýrri 1.deild sem fyrst verður leikið í á komandi tímabili. Þrír þjálfara lögðu af stað með liðið; Guðjón Örn, Dúfa Dröfn og Arnar Skúli.

Ég held að ég geti sagt það að Arnar Skúli Atlason borið hitann og þungan af þjálfun liðsins en Guðjón Örn hætti þjálfun liðsins snemma síðasta vor.

Yngri flokkarnir stóðu sig ágætlega og ég held að óhætt sé að segja að spennandi tímar séu framundan og margt að gerast.

Ég hef nú ákveðið að stíga til hliðar og bjóða mig ekki fram til formanns enn eitt árið né til annarra stjórnarstarfa hjá knattspyrnudeild Tindastóls. Ég fór fyrst inn í stjórn Tindastóls árið 1974 svo árin eru orðin nokkuð mörg og tími til kominn að nýr formaður taki við keflinu. Þessi tími hefur verið skemmtilegur en þó hefur reynt á oft á tíðum.

Ég þakka öllum sem gengið hafa með mér einhver spor á þessari leið. Stjórnarfólki, leikmönnum, þjálfurum, foreldrum og samstarfsaðilum og stuðningsmönnum.

Áfram Tindastóll

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.

Stjórn knattspyrnudeildar

Formaður:	Ómar Bragi Stefánsson
Varaformaður:	Atli Hjartarson
Gjaldkeri:	Guðni Þór Einarsson
M.fl.karla:	Skúli V. Jónsson
Mótin okkar:	Ingvi Hrannar Ómarsson
Yngri flokkar og ritari:	Bergmann Guðmundsson
M.fl.kvenna:	Sunna Björk Atladóttir
Meðstjórnandi:	Guðrún Jenný Ágústsdóttir

Þakkir

Stjórn knattspyrnudeildar Tindastóls þakkar öllum þeim sem komið hafa að starfi deildarinnar á þessu ári. Iðkendum, þjálfurum, foreldrum, samstarfsaðilum og öllum þeim sem lagt hafa okkur lið.

Fundir

Stjórn knattspyrnudeildarinnar hélt marga fundi á starfsárinu. Bæði voru þetta formlegir sem óformlegir fundir. Fundirnir voru flestir haldnir á skrifstofu félagsins að Víðigrund 5.

Framkvæmdastjóri

Í lok ársins var Hrannar Leifsson ráðinn framkvæmdastjóri deildarinnar og væntir deildin mikils af honum.

Samstarfsaðilar

Helstu samstarfsaðilar knattspyrnudeildarinnar á þessu ári voru eftirtaldir: Kaupfélag Skagfirðinga, FISK Seafood, VÍS, JAKO, Steinull, Landsbankinn, OLÍS, Sauðárkróksbakarí, Vörumiðlun, Tengill ehf, Steypustöð Skagafjarðar, Dögun og Sveitarfélagið Skagafjörður. Þessum aðilum eru færðar miklar þakkir fyrir aðkomu þeirra.

Samstarf við JAKO

Í lok ársins 2016 var gerður samningur við JAKO um búninga knattspyrnudeildarinnar. Tindastóll hefur leikið í JAKO búningum sl. fjögur ár. Nýr samningur gildir til ársloka 2020.

Meistaraflokkur karla 2016

C deildar meistarar 1992, 1999, 2011

D deildar meistarar 2010 og 2016

Besti árangur: 6 sæti í B deild 1988, 1989 og 2000

Bikarkeppni KSÍ: 8 liða úrslit 1988

Stærsti deildarsigur: 11-1 gegn Snæfelli í D deild 2006. 10-0 gegn Þrym í D deild 1995

Stærsta deildartap: 0-7 gegn ÍBV í D deild 1984

Þjálfarar 2016: Stefán Arnar Ómarsson og Haukur Skúlason

Frá þjálfurum



Við hófum störf haustið 2015 þar sem þjálfun fór fram á gervigrasvellinum og íþróttahúsinu ásamt því að við notuðum hlaupabrautina og crossfitt nokkuð. Auðvitað gerði það okkur erfitt fyrir að halda úti þeim æfingum sem við vildum vegna þessa að gervigrasvöllurinn var oft þannig að ekki var hægt að æfa á honum ásamt því að hlaupbrautin var frosin eða snjór yfir henni allri.

Þeir fáu leikmenn sem voru ekki á staðnum æfðu sjálfir eða með öðrum liðum á höfuðborgasvæðinu. Við byrjuðum í fotbolti.net mótinu í byrjun febrúar þar sem við notuðumst mest megnist við strákana sem búsettir voru á Sauðárkróki. Við fengum líka í þessa leiki stráka úr hinum og þessum liðum til að prófa en ætlunin var að styrkja sig um nokkra leikmenn og því kjörið tækifæri að nýta æfingamótin á vorin til að skoða þá. Úrslitin voru okkur ekkert sérstaklega hagstæð í þessu móti en við lentum í neðsta sæti án þess að vinna leik.



Við hófum síðan leik í Lengjubikarnum og töpuðum illa fyrsta leik. Þar sem ekki er hægt að fá lánsmenn í þetta mót án þess að þeir séu skráðir í Tindastól þá áttum við bara í mjög miklum erfiðleikum með að ná í lið. Við hefðum þurft að byggja það nær eingöngu á 2.flokks strákum sem margir hverjir höfðu litla sem enga reynslu af 11 manna bolta. Við ákváðum því að segja okkur úr mótinu og taka æfingaleiki fram að móti gegn að við töldum slakari andstæðingum en voru með okkur í þessu móti. Við vildum með þessu spila leiki sem við fengjum meira útúr heldur en að verjast eingöngu í 90 mín.

Vel gekk að fá þessa æfingaleiki og fengu allir strákar eitthvað að spila og almennari ánægja var innan hópsins með þetta.

Við fengum síðan þrjá útlendinga til að styrkja hópinn rétt fyrir mót ásamt fimm ördum íslendingum. Einn af þeim hafði spilað með okkur áður en kom sem lánsmaður.

Í Bikarkeppninni unnum við Dalvík/Reyni í fyrsta leik og mættum síðan KA í öðrum leik þar sem við komumst yfir en töpuðum í framlengingu. Þetta gaf liðinu ákveðið sjálfstraust fyrir komandi sumar því í þennan leik vantaði okkur alla útlendingana.

Íslandsmótið hófst hinsvegar með tapi í leik inni í Egilshöll. Vantaði okkur enn tvo útlendinga og hópurnir rétt að skríða saman. Ákveðin vonbrigði að tapa fyrsta leik en gerði okkur öllum ljóst að ef ekki yrði barist og menn mættir klárir til leiks í þessum leikjum í deildinni þá yrði erfitt sumar framundan.

Næsti leikur vannst hinsvegar og til að gera langa sögu stutta þá unnust næstu sextán leikir einnig og niðurstaða sumarsins mögnuð þar sem liðið vann 17.leiki og tapaði aðeins einum. Unnum 17.leiki í röð og að því við best vitum þá var þetta jöfnun á Íslandi á meti HK frá árinu 1991 þegar þeir unnu alla sína 17.leiki í neðstu deild. Ekkert annað lið hefur unnið jafn marga

leiki í röð á einu tímabili á Íslandi og það met erum við mjög stoltir að hafa eignast með Tindastól. Liðið sigraði deildina með yfirburðum og fagnaði Íslandsmeistaratitli 3.deildar.

Kveðja

Stefán Arnar Ómarsson

Haukur Skúlason

Lokastaðan

FÉLAGL	U	J	T	MÖRK	NET	STIG		
Tindastóll		18	17	0	1	45 - 9	36	51
Víðir		18	14	1	3	43 - 21	22	43
Einherji		18	9	2	7	38 - 30	8	29
Kári		18	9	1	8	36 - 31	5	28
Þróttur V.		18	8	3	7	35 - 30	5	27
Reynir S.		18	6	3	9	30 - 38	-8	21
Vængir Júpíters		18	6	3	9	26 - 38	-12	21
Dalvík/Reynir		18	4	5	9	22 - 32	-10	17
KFR		18	4	3	11	25 - 37	-12	15
KFS		18	1	3	14	21 - 55	-34	6



Leikmenn 2016

LEIKMENN	LEIKIR	MÖRK	GULT	RAUTT
Arnar Ólafsson	5	0	0	0
Arnar Skúli Atlason	10	0	2	0
Arnór Daði Gunnarsson	16	0	0	0
Arnór Guðjónsson	11	0	0	0
Aron Örn Sigurðsson	7	2	1	0
Atli Dagur Stefánsson	2	0	0	0
Benjamín Jóhannes Gunnlaugarson	18	7	3	0
Bjarki Már Árnason	18	2	1	0
Bjarni Smári Gíslason	13	0	4	0
Brenton Muhammad	17	0	1	0
Fannar Örn Kolbeinsson	15	2	4	0
Gísli Eyland Sveinsson	1	0	0	0
Hólmar Daði Skúlason	11	0	1	0

Ingvi Hrannar Ómarsson	16	0	3	0
Ísak Sigurjónsson	7	0	0	0
Jón Gísli Eyland Gíslason	1	0	0	0
Jónas Aron Ólafsson	2	0	0	0
Kenneth Hogg	17	14	3	0
Konráð Freyr Sigurðsson	17	1	2	0
Óskar Smári Haraldsson	16	3	1	0
Pálmi Þórsson	1	0	0	0
Ragnar Þór Gunnarsson	15	9	8	0
Stephen Walmsley	15	2	6	0
Vilhjálmur Kaldal Sigurðsson	18	2	3	0



Meistaraflokkur kvenna 2016

Besti árangur: 3.-4 sæti í B deild 1995, 2002 og 2003

Bikarkeppni KSÍ: 16 liða úrslit 2010 og 2013

Stærsti deildarsigur: 10-1 gegn Leiftri/Dalvík í B deild 2003 og 9-0 gegn Leikni F. í B deild 2002

Stærsta deildartap: 0-11 gegn Völsungi í B deild 2008

Þjálfarar 2016: Guðjón Örn Jóhannsson, Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir og Arnar Skúli Atlason. Guðjón Örn hætti um vorið og Arnar Skúli tók við sem aðalþjálfari.

**Frá þjálfara:**

Tímabilið byrjaði á Bikarleik við Gróttu á Seltjarnarnesi 8 maí, þar sem við erum 2-0 í hálfleik en í seinni snérum við blaðinu við og unnum 3-2. Á þessum tíma vorum við enn að æfa á



sparkvellingum og enginn völlum tilbúin að æfa á. Í kjölfarið komu leikir við Hamrana og Þrótt Rvk. sem töpuðust báðir. Svo kom bil í Íslandsmótið hjá okkur og við spilum einn leik í júní á móti Einherja sem vannst 3-6 á Vopnafirði. Frá 22 maí-19 júlí spiluðum við einn leik sem gaf völlum og stelpunum tíma til að átta sig á aðstæðum. Í millitíðinni gengu 3 útlendingar til liðs við okkur sem styrktu liðið í hins betra. Fyrsta leik eftir hlé kom sigurleikur á móti Fjarðabyggð/Hetti 5-3 og 6-0 sigur á Einherja. Nú er komið fram í ágúst og liðið búið að spila 4 leiki í deild af 10 sem þýddi 6 leikir í ágúst. Sem byrjaði á 2-1 sigri á Hömrnum, svo fylgdi eftir 6-0 sigrar á Sindra og Völsung og með Sigrí á Sindra var sæti í úrslitakeppni tryggt sem var markmið sumarsins. 3 seinustu leikirnir voru 2 sigrar og 1 jafntefli.

Enduðum í efstasæti riðilsins með 8 sigra, 1 jafntefli og 1 ósigur.

Í úrslitakeppninni spiluðum við á móti Keflavík sem voru tveir leikir heima og að heiman sem endaði 6-2 samanlagt í tveimur leikjum og þar með endaði mjög skrítnu en skemmtilegu tímabili hjá m.fl. kvenna. Þar sem liðið spilaði 8 leiki á rúmlega mánuði en spilaði 6 leiki á 3 mánuðum á undan því.

Arnar Skúli Atlason
Þjálfari m.fl. kvenna

Lokastaðan 2016

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET
STIG						
Tindastóll	10	8	1	1	40 - 14	26 25
Sindri	10	5	1	4	19 - 17	2 16
Hamrarnir	10	5	1	4	11 - 9	2 16
Einherji	10	5	1	4	17 - 19	-2 16
Fjarðab/Höttur/Leiknir	10	3	2	5	11 - 17	-6 11
Völsungur	10	1	0	9	8 - 30	-22 3

Úrslitakeppni

lau. 03. sep. 16	14:00	Keflavík - Tindastóll	Nettövöllurinn	3-2 (0-1)
mið. 07. sep. 16	17:15	Tindastóll - Keflavík	Sauðárkróksvöllur	0-3 (0-0)

Leikmenn 2016

LEIKMENN	LEIKIR	MÖRK	GULT	RAUTT
Ásrún Jónatansdótti	9	0	0	0
Birna María Sigurðardóttir	1	0	0	0
Bryndís Rut Haraldsdóttir	6	1	0	0
Bryndís Rún Baldursdóttir	5	0	0	0
Brynhildur Ósk Ólafsdóttir	4	0	0	0
Charlotte Elisabeth Ferguson	2	0	0	0
Dagný Pálsdóttir	2	0	0	0
Elín Sveinsdóttir	5	3	0	0
Eva Margrét Hrólfsdóttir	5	0	0	0
Guðlaug Rún Sigurjónsdóttir	1	0	0	0

Guðrún Jenný Ágústsdóttir	2	1	0	0
Hrafnhildur Björnsdóttir	10	1	0	0
Hugrún Pálsdóttir	9	5	0	0
Jesse Shugg	5	9	1	0
Jóna María Eiríksdóttir	7	0	1	0
Kasey Wyer	8	6	1	0
Kolbrún Ósk Hjaltadóttir	8	4	0	0
Kristrún María Magnúsdóttir	8	0	1	0
Laufey Harpa Halldórsdóttir	7	1	0	0
Laufey Rún Harðardóttir	8	1	0	0
María Dögg Jóhannesdóttir	1	0	0	0
Nótt Þórunn Óttarsdóttir	1	0	0	0
Ólína Sif Einarsdóttir	4	2	0	0
Snæbjört Pálsdóttir	9	0	0	0
Stella Dröfn Bjarnadóttir	1	0	0	0
Sunna Björk Atladóttir	4	0	0	0
Svava Rún Ingimarsdóttir	9	0	0	0
Vigdís Edda Friðriksdóttir	10	5	0	0



100 leikja klúbburinn

Reynt hefur verið eftir bestu getu að taka saman leikjafjölda allra þeirra sem leikið hafa með m.fl. Tindastóls frá upphafi.

Fjöldi leikja	Nafn	Lék síðast
236 leikir	Gísli Eyland Sveinsson	2016
200 leikir	Ingvi Hrannar Ómarsson	2016
183 leikir	Gísli Sigurðsson	2001
178 leikir	Guðbrandur Guðbrandsson	1997
177 leikir	Bjarki Már Árnason	2015
176 leikir	Kristmar Geir Björnsson	2012
160 leikir	Rúnar Björnsson	1991
152 leikir	Birgir Rafnsson	1987
149 leikir	Þórhallur Ásmundsson	1994
143 leikir	Björn Sverrisson	1991
132 leikur	Arnar Skúli Atlason	2016
132 leikir	Fannar Örn Kolbeinsson	2016

131 leikir	Aðalsteinn Arnarson	2012
129 leikir	Gunnar Þór Gestsson	2000
124 leikir	Sigmundur Skúlason	2010
123 leikir	Guðbjartur Haraldsson	1994
119 leikir	Snorri Geir Snorrason	2010
117 leikir	Sverrir Sverrisson	1993
113 leikir	Stefán Arnar Ómarsson	2010
107 leikir	Stefán Örn Pétursson	1996
107 leikir	Pálmi Þór Valgeirsson	2012
104 leikir	Örn Ragnarsson	1985
104 leikir	Konráð Þorleifsson	2014
103 leikir	Benjamín J. Gunnlaugarson	2016
102 leikir	Árni Einar Adolfsson	2014
101 leikur	Grétar Karlsson	2002

M.fl.kvenna:

Fjöldi leikja	Nafn	Lék síðast
136 leikir	Svava Rún Ingimarsdóttir	2016
122 leikir	Sunna Björk Atladóttir	2016
106 leikir	Snæbjört Pálsdóttir	2016



Ingvi Hrannar Ómarsson náði þeim árangri í sumar að leika sinn 200 leik fyrir Tindastól. Ingvi Hrannar er enn að og mun væntanlega bæta einhverjum leikjum við á þessu ári og jafnvel þeim næstu.

Lokahóf M.fl. karla og kvenna 2016

Á lokahófi knattspyrnudeildarinnar 2016, að loknu keppnistímabili þá voru nokkrir leikmenn heiðraðir fyrir þeirra framlag og getu.

M.fl.karla

Besti leikmaðurinn: Stephen Walmsley
 Markakóngur: Kenneth Hogg (14 mörk)
 Tindastólshjartað: Ingvi Hrannar Ómarsson og Atli Dagur Stefánsson

M.fl. kvenna

Besti leikmaðurinn: Hrafnhildur Björnsdóttir
 Markadrottning: Jesse Shugg (9 mörk)
 Tindastólshjartað: Bryndís Rut Haraldsdóttir

2.fl.karla

Besti leikmaðurinn: Jónas Aron Ólafsson
 Efnilegasti leikmaðurinn: Jón Grétar Guðmundsson

2.fl.kvenna

Besti leikmaðurinn: Hrafnhildur Björnsdóttir
Efnilegasti leikmaðurinn: Vigdís Edda Friðriksdóttir

Þjálfarar ársins:

Haukur Skúlason og Stefáns Arnar Ómarsson

200 leikir fyrir m.fl. Tindastóls:

Ingvi Hrannar Ómarsson



Yngri flokkar

Öflugu starfi yngri flokka var haldið úti. Æfingar voru allt árið en mestur þunginn í starfinu er yfir sumartímann. Flokkarnir æfðu þá fjórum sinnum í viku auk leikja en yfir vetrartímann



2.fl.karla

Þjálfari: Brenton Muhammad

2.flokkur karla. C deild.

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Þróttur R.	12	11	0	1	31 - 11	20	33
Valur/KH	12	8	0	4	33 - 14	19	24
KF/Völsungur	12	7	1	4	39 - 19	20	22
Grindavík	12	5	1	6	23 - 21	2	16
Austurland	12	5	1	6	27 - 37	-10	16
Vestri/Hörður	12	3	0	9	15 - 37	-22	9
Tindastól/Hvöt/Kormákur	12	1	1	10	9 - 38	-29	4

2.fl.kvenna

Þjálfari: Arnar Skúli Atlason og Dúfa Dröfn Ásbjörnsdóttir

2.flokkur kvenna. B deild.

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Gróttá/KR/Þróttur	6	4	2	0	14 - 6	8	14
Fjölnir/Fram/Afturelding	6	3	3	0	15 - 5	10	12
ÍBV/Keflavík	6	1	2	3	9 - 12	-3	5
Grindavík	6	0	1	5	5 - 20	-15	1

3.fl.karla

Þjálfari: Kenneth Hogg

3.flokkur karla. C1 deild.

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Breiðablik 2	12	10	2	0	52 - 11	41	32
Njarðvík	12	9	2	1	58 - 13	45	29
Haukar	12	6	1	5	40 - 23	17	19
Völsungur	12	5	1	6	31 - 27	4	16
Valur	12	4	2	6	33 - 28	5	14
Tindastól/Hvöt/Kormákur	12	2	1	9	17 - 77	-60	7
Dalvík/Reynir/KF	12	1	1	10	11 - 63	-52	4

3.fl.kvenna

Þjálfari: Jesse Shugg

3.flokkur kvenna. B1 deild.

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Þór	10	7	1	2	46 - 13	33	22
Tindastól/Hvöt/Kormákur	10	6	2	2	30 - 30	0	20
Austurland	10	6	1	3	29 - 15	14	19
Völsungur	10	4	0	6	42 - 27	15	12
KA 2	10	2	2	6	21 - 47	-26	8
Sindri	10	2	0	8	16 - 52	-36	6

Úrslitakeppni

lau. 10. sep. 12:00 Fjölnir/Fram/Afturelding-Tindastól/Hvöt/Kormákur Varmárvöllur 8-0

4.fl.karla

Þjálfari: Stephen Walmsley

4.flokkur karla A lið. E riðill:

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Tindastól/Hvöt/Kormákur	10	7	1	2	33 - 20	13	22
Höttur	10	6	1	3	25 - 16	9	19
Völsungur	10	5	2	3	25 - 15	10	17
Fjarðab/Leiknir/Einherji	10	5	0	5	34 - 19	15	15
Þór 2	10	3	1	6	12 - 35	-23	10
Sindri	10	1	1	8	16 - 40	-24	4

Úrslitakeppni

fös. 02. sep. 16 17:00 Tindastól/Hvöt/Kormákur - ÍA Norðurálsvöllurinn 0-6

lau. 03. sep. 16 13:30 Afturelding - Tindastól/Hvöt/Kormákur Norðurálsvöllurinn 9-1

sun. 04. sep. 16 12:00 FH - Tindastól/Hvöt/Kormákur Norðurálsvöllurinn 5-1

4.flokkur karla 7 B riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Tindastól/Hvöt/Kormákur	6	5	0	1	32 - 19	13	15
Fjarðab/Leiknir/Einherji	6	4	0	2	32 - 12	20	12
KF/Dalvík	6	0	0	6	10 - 43	-33	0

Úrslitakeppni

lau. 20. ágú. 16 14:00 Tindastól/Hvöt/Korm - Snæfellsnes Blönduósvöllur 1-2

lau. 20. ágú. 16 15:30 Tindastól/Hvöt/Korm - Fjarðab/Leikn/Einh Blönduósvöllur 0-4

lau. 20. ágú. 16 17:00 Víðir/Reynir - Tindastól/Hvöt/Kormákur Blönduósvöllur 6-1

lau. 20. ágú. 16 17:00 Fjarðab/Leiknir/Einherji - Snæfellsnes Blönduósvöllur 5-0

4.fl.kvenna

Þjálfari: Guðni Einarsson

4.flokkur kvenna A lið E riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Austurland	8	7	0	1	34 - 8	26	21
KA	8	5	1	2	24 - 18	6	16
Völsungur	8	4	2	2	39 - 16	23	14
Tindastól/Hvöt/Kormákur	8	2	0	6	10 - 43	-33	6
KA 2	8	0	1	7	11 - 33	-22	1

5.fl.karla

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

5. flokkur karla A-lið E2 riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KF/Dalvík	8	5	1	2	29 - 17	12	16

Tindastóll	8	4	3	1	34 - 19	15	15
Völsungur	8	4	1	3	33 - 17	16	13
KA 3	8	2	2	4	12 - 28	-16	8
Þór 2	8	1	1	6	13 - 40	-27	4

5. flokkur karla B-lið E2 riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Völsungur	8	6	0	2	42 - 38	4	18
Þór 2	8	5	1	2	46 - 20	26	16
KA 3	8	3	1	4	27 - 42	-15	10
Tindastóll	8	3	0	5	24 - 26	-2	9
KF/Dalvík	8	1	2	5	22 - 35	-13	5

5.fl.kvenna

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

5. flokkur kvenna A-lið E riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
Þór	10	9	0	1	62 - 7	55	27
KA	10	9	0	1	39 - 10	29	27
Völsungur	10	5	1	4	21 - 23	-2	16
KA 2	10	2	1	7	9 - 47	-38	7
KF/Dalvík	10	2	0	8	12 - 34	-22	6
Tindastóll	10	1	2	7	8 - 30	-22	5

6.fl.karla

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

Pollamót KSÍ - A-lið NL riðil

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KA 2	4	4	0	0	29 - 5	24	12
Þór	4	3	0	1	17 - 9	8	9
Völsungur	4	2	0	2	13 - 13	0	6
Magni	4	1	0	3	10 - 19	-9	3
Tindastóll	4	0	0	4	2 - 25	-23	0

Pollamót KSÍ - B-lið NL riðil

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KA 2	3	3	0	0	16 - 5	11	9
Þór	3	2	0	1	11 - 6	5	6
Völsungur	3	1	0	2	14 - 8	6	3
Tindastóll	3	0	0	3	3 - 25	-22	0

6.fl.kvenna

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

Hnátumót KSÍ - A-lið NL riðil

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KA 2	4	4	0	0	16 - 3	13	12

KA	4	3	0	1	14 - 8	6	9
KF/Dalvík	4	2	0	2	4 - 7	-3	6
Tindastóll	4	1	0	3	6 - 9	-3	3
Völsungur	4	0	0	4	4 - 17	-13	0

Hnátumót KSÍ - B-lið NL riðill

FÉLAG	L	U	J	T	MÖRK	NET	STIG
KA 2	4	4	0	0	24 - 1	23	12
KA	4	3	0	1	20 - 4	16	9
KF/Dalvík	4	2	0	2	7 - 23	-16	6
Tindastóll	4	1	0	3	7 - 17	-10	3
Völsungur	4	0	0	4	3 - 16	-13	0

7.fl.karla

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

7.fl.kvenna


Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

8.fl.

Þjálfari: Óskar Smári Haraldsson, Vilhjálmur Kaldal, Atli Dagur Stefánsson og Pálmi Þórsson

Landsliðsúrtak KSÍ

Fjöldmörg ungmenni úr röðum Tindastóls voru valin á úrtaksæfingar yngri landsliða Íslands á árinu 2016. Það er mikil upphefð og um leið staðfesting á því að við séum að gera góða hluti.

Árleg utanlandsferð 3.flokks

Árlega fer einn flokkur erlendis á vegum Knattspyrnudeildar Tindastóls. Þessi hefð hefur verið í fjöldamörg ár en fyrst var farið upp úr 1980. Sú regla er að drengir og stúlkur skiptast á að fara út. Drengirnir eitt árið og stúlkurnar það næsta.

Þetta árið var brugðið út af hefðbundinni ferð og farið í fótboltaskóla til Spánar í umsjá Heimis Hallgrímssonar og

félaga. Flogið var til Alicante og síðan ekið til San Pedro del Pinatar. Hóтелиð og öll aðstaða var til fyrirmyndar og skólinn ekki síður. Tvær æfingar voru á dag hjá strákunum.

Það voru 50 leikmenn sem komust í skólann og þar af voru 12 frá Tindastóli

Landsbankamót



Landsbankamótið fór fram dagana 25. – 26. júní og var framkvæmdin og aðsóknin mjög góð. Mótið er fyrir stelpur í 6. flokki en breyta þurfti mótinu frá síðustu árum sökum skorts á gistirými á Króknum þessa helgi.

Góð stemning er á mótinu og þrátt fyrir að sólin hafi verið sparsöm á geisla sína hefur veðrið leikið við knattspyrnuhetjurnar; hitinn slagað í 20 gráðurnar og smá sunnangola. Mótsstjóri var Ingvi Hrannar Ómarsson og á hann miklar þakkir skildar fyrir gott starf.

Króksmót FISK



Mótið fór fram dagana 6.-7. ágúst og Ingvi Hrannar Ómarsson var mótastjóri.

Mótið fór mjög vel fram og ekki skemmdi veðrið fyrir en glampanði sól var á laugardeginum en sunnudagurinn var ekki alveg eins hlýr en hélt þó þurr.

Það voru um 700 keppendur og 115 lið úr 5., 6., og 7. flokk drengja alls staðar af landinu sem mættu til leiks.

Fjármál

Því miður er það svo að einna mestur tími starfsins í kringum fótboltann er að fjármagna deildina. Þetta er endalaus vinna og ekki alltaf skemmtileg. Fjárhagslega niðurstöðu ársins má sjá á meðfylgjandi reikningum.

Lokaorð

Fyrir hönd stjórnar knattspyrnudeildar Tindastóls þakka ég öllum þeim sem komið hafa að rekstri deildarinnar á einn eða annan hátt á þessu starfsári og einnig á þeim árum sem ég hef verið formaður deildarinnar. Eins og ég sagði í inngangi þessarar skýrslu þá stíg ég nú til hliðar og nýr formaður tekur við keflinu. Verkefni framundan eru fjölmörg og ég veit að Tindastóll er í góðum höndum þeirra sem taka við.

Ég þakka fyrir mig að óska Knattspyrnudeild Tindastóls velfarnaðar um ókomna tíð.

Áfram Tindastóll

Ómar Bragi Stefánsson

Formaður knattspyrnudeildar Tindastóls.



Ársreikningur knattspyrnudeildar

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Rekstrartekjur		
Framlag frá aðalstjórn	3.533.244	4.345.741
Fjárafilanir og styrkir	11.354.397	8.287.402
Sérstakur styrkur KSÍ	7.041.000	0
Aðgangseyrir	784.012	165.200
Æfingagjöld yngri flokka	5.118.413	7.392.867
Króksmót	7.002.525	6.716.195
Landsbankamót	5.768.635	7.991.950
Jólatréssala	1.430.651	1.049.295
Aðrar tekjur	0	1.433.065
Rekstrartekjur samtals	42.032.877	37.381.715
Rekstrargjöld		
Rekstur skrifstofu	2.365.381	663.055
Meistaraflokkur karla	8.998.874	10.816.395
Meistaraflokkur kvenna	7.488.474	6.473.250
Yngri flokkar	11.219.146	8.908.383
Króksmót	3.762.145	2.490.811
Landsbankamót	2.495.138	2.934.158
Jólatréssala	836.570	869.555
Bifreið	0	554.802
Óútskýrður mismunur f.f. ári	3.650.927	0
Rekstrargjöld samtals	40.816.654	33.710.409
Hagnaður/-tap fyrir afskriftir og fjármagnsliði	1.216.223	3.671.306
Afskriftir	128.000	175.867
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	14.865	4.985
Vaxtagjöld	363.814	151.586
Fjármagnsliðir samtals	-348.949	-146.601
Hagnaður (-tap) ársins	739.274	3.348.838

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Fastafjármunir		
Stúka	863.187	863.187
Bifreið	0	128.000
Fastafjármunir alls	863.187	991.187
Veltufjármunir		
Viðskiptakröfur	1.250.707	3.018.777
Innistæður í innlánsstofnunum	3.085.479	1.603.346
Veltufjármunir alls	4.336.186	4.622.123
Eignir alls	5.199.373	5.613.310
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Skuldir við innlánsstofnanir	0	301.266
Viðskiptaskuldir	2.477.492	4.569.404
Aðrar skammtímaskuldir	1.239.967	0
Skammtímaskuldir alls	3.717.459	4.870.670
Skuldir alls	3.717.459	4.870.670
Eigið fé		
Eigið fé í byrjun árs	742.640	-2.606.198
Hagnaður (-tap) ársins	739.274	3.348.838
Eigið fé samtals	1.481.914	742.640
Skuldir og eigið fé	5.199.373	5.613.310

Skýrsla stjórnar körfuknattleiksdeildar

Tímabilið 01.05.2015 – 30.04.2016

Körfubolta tímabilið 2015-2016 var ansi áhugavert. Fyrir tímabilið var búið að ráða þjálfara ásamt aðstoðarþjálfara til starfa, voru bundnar miklar vonir við það að stjórn félagsins hefði gert flotta ráðningu. Undirbúningurinn að tímabilinu fór nokkuð brösulega fram og var það nánast útaf Evrópumóti sem landslið Íslands var þátttakandi að. Þjálfari liðsins Piete Poikola réði fljótlega erlendan leikmann að nafni Darren Townes, annars var hópurinn nánast sá sami frá fyrra tímabili, Myron Dempsey út og Townes kom í hans stað.



Ráðningin á aðstoðarþjálfara var gerð að ósk Pieti um mann sem hann vissi að væri mjög fær í þetta. Sá stjórn þann leik á borði að hann mætti nýta vegna þjálfara menntunar hans sem þjálfara fyrir u-20 kvenna, þessi þjálfari var Harry Mannonen.

En hlutirnir fóru fljótlega á allt annan veg en lagt var upp með og vita flestir hvernig það endaði, eftir aðeins 4 leiki var Pieti sagt upp störfum vegna ósættis milli hans og stjórna. Á þessum stutta tíma var félagið búið að ósk Pieti að skipta út erlendum leikmanni, sem hann sjálfur valdi og sannfærði stjórn kkd um að væri rétti maðurinn fyrir félagið, kom til sögunnar leikmaður að nafni Jerome Hill.



Á þessum tímapunkti voru góð ráð dýr og liðið orðið þjálfaralaus, þá bíður Kári Marísson sig fram að þjálfra liðið tímabundið meðan leit stendur yfir að öðrum þjálfara. Eftir mikla leit innanlands af þjálfara var ákveðið að leita útfyrir landsteinana og var Jose Maria Costa ráðinn þjálfari félagsins. Jose Maria kom eins og stormsveipur til félagsins og sást það strax að þessi ráðning væri sterk fyrir félagið.

Eftir brösótt haust og mikinn barning var tekin sú ákvörðun um jólin að við þyrftum að skipta út Jeromy Hill sem á engan hátt stóð undir væntingum sem til hans voru gerðar. Fór þá í gang mikið ferli sem endaði svoleiðis að ráðnir voru 2 leikmenn í hans stað, Myron Dempsey og Anthony Gurley. Eftir þessi skipti lét árangurinn ekki á sér standa og vann liðið 8 leiki í röð og fór í úrslitakeppnina þar sem liðið fór auðveldlega í gegnum Keflavík í 8 liða úrslitum. En liði varð að játa sig sigrað í 4 liða úrslitum gegn sterku liði Hauka.

Er óhætt að segja að þetta tímabil hafi verið mjög erfitt, þó aðallega vegna ráðningar á Pieti Poikola. Þar er á ferðinni mjög fær þjálfari en hugmyndafræði hans á akkúrat enga samleið með íslenskum körfubolta. Var þessi ráðning félaginu dýr og einnig ráðning á Harry Mannonen. Í gegnum Pieti voru ráðnir 2 erlendir leikmenn sem báðum var sagt upp hjá félaginu.

Rekstur deildarinnar gekk vel en mínus deildarinnar orsakast eingöngu á því að félagið þurfti að greiða upp samninga við Pieti og Harry að hluta til, einnig er það mjög dýrt að skipta út erlendum leikmönnum.



Jose Maria Costa var endurráðinn fyrir komandi tímabil og hafa 8 ungir og uppaldir leikmenn skrifað undir við félagið ásamt þeim Chris Caird og Björgvini Hafþóri Ríkharðssyni. Má búast við að þeir helgi Rafn og Helgi Freyr haldi áfram með félaginu og er því líðið nokkuð vel mannað fyrir komandi tímabil.

Mikið átak var gert í styrktarsöfnunum á tímabilinu og vonast stjórnin að það samstarf haldist áfram á komandi tímabili, án álvöru bakhjarla er þetta starf ekki mögulegt.

Vill stjórn kkd Tindastóls koma fram miklu þakklæti til leikmanna sem og þjálfara.

Styrktaraðilar félagsins eiga mikið hrós skilið fyrir þeirra framlag til félagsins og vonandi heldur þetta mikla samstarf áfram um næstu komandi ár.



Stuðningsmenn félagsins eru þeir bestu á landinu og er stemmingin sem myndast í síkinu umræðuefni um allt land. Í úrslitakeppninni voru áhorfendur að koma í síkið víðs vegar af norðurlandinu og einnig voru dæmi um að áhorfendur keyrðu úr höfuðborginni til Sauðárkróks til þess að koma á körfuboltaleik, stuðningsmenn takk fyrir okkur.

Stjórn kkd Tindastóls vill færa öllum sjálfboðaliðum sem komu að starfi vetrarins sínar mestu þakkir og gleymum ekki að saman getum við haldið áfram að gera félagið ennþá stærra.

f.h. Stjórnar kkd Tindastóls

Stefán Jónsson formaður



Ársreikningur körfuknattleiksdeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2015-30.04.2016**

	2015-16	2014-15
Rekstrartekjur		
Aðgangseyrir	4.149.831	3.378.747
Fjáraflanir	5.539.889	6.494.342
Styrkir – aðalstjórn	2.695.345	2.345.000
Aðalstyrktaraðilar	5.916.546	7.270.234
Auglýsingar og minni styrkir	13.944.189	5.882.500
Vildarvinir	589.000	0
Söluhagnaður bifreiðar	0	1.188.981
Rekstrartekjur samtals	32.834.800	26.559.804
Rekstrargjöld		
Laun- og launatengd gjöld	20.683.634	15.801.646
Styrkur til unglingaráðs	0	656.250
Húsnæðiskostnaður	2.593.152	2.338.787
Bíllaleiga	1.702.653	827.129
Ferðakostnaður – innanlands	2.245.742	2.887.095
Ferðakostnaður – erlendis	1.970.744	1.015.609
Þáttökugjöld og félagaskipti	801.713	636.000
Dómarakostnaður	1.432.112	1.818.137
Búningar og skór	182.697	230.821
Sjúkrakostnaður	416.663	1.140.66
Sími, auglýsingar, prentun, hönnun	262.747	215.978
Rekstur bifr. RK-587	0	1.219.579
Uppskeruhátíð og jólagleði	353.500	0
Kostnaður vegna fjáraflana	25.600	157.483
Kostnaður vegna Sidline Sports	223.200	0
Annar kostnaður	2.801.560	1.766.864
Rekstrargjöld samtals	35.695.717	30.712.047
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	-2.860.917	-4.152.243
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	425	7.515
Vaxtagjöld	617.527	155.557
	-617.102	-148.042
Niðurstaða ársins	-3.478.019	-4.300.285

Efnahagsreikningur 30. apríl 2016

	30.04.2016	30.04.2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnistæður	101.345	391.594
Aðrar skammtímakröfur	2.455.757	3.934.778
Veltufjármunir samtals:	2.557.102	4.326.372
Eignir samtals	2.557.102	4.326.372
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Viðskiptaskuldir	4.461.102	4.651.267
Yfirdráttur á tékkareikningi	5.138.710	3.239.796
Skammtímaskuldir samtals	9.599.812	7.891.063
Skuldir samtals	9.599.812	7.891.063
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	-3.564.691	735.594
Niðurstaða ársins	-3.478.019	-4.300.285
Eigið fé samtals	-7.042.710	-3.564.691
Skuldir og eigið fé samtals	2.557.102	4.326.372

Skýrsla stjórnar unglingaráðs körfuknattleiksdeildar

Vetrarstarfið fór vel af stað, flottir þjálfarar í öllum flokkum og var þátttaka iðkennda þökkaleg. Í sumum árgöngum hefðu mátt vera fleiri en ekki við því að sakast svona er þetta bara það hafa ekki allir áhuga á körfubolta eða örðum bolta íþróttum. Skráðir voru til leiks flokkar sem kepptu á íslandsmóti og fóru þessir flokkar um allt land til þess að keppa og má nefna staði eins og Egilstaði, Ísafjörð, Höfn í Hornafirði ásamt höfuðborginni og Suðurnesjum og gekk það með prýðilegum árangri, þó sumar helgar hafi veðrið sett strik í reikninginn og erfitt var að komast á áfangastaði eða þá að komast heim og tilfelli að fólk hafi tafist um einn dag eða fest sig á Holtavörðuheidinni en ekkert alvarlegra en það og allir komist heilir heim.

Samstarf var gert við Þór á Akureyri í 7 og 8 flokki stúlkna þar sem að þeir voru einungis með eina stelpu í þeim flokki og hana langaði til þess að spila með jafnöldrum sínum og gekk það samstarf mjög vel og þessi frábæra stelpa hörku spilari og kominn af mikilli körfuboltaætt.

Eitt alvarlegt slys varð í leik á þessu tímabili þar sem að Alexandra Ósk Guðjónsdóttir sleit krossband í leik gegn Hamri í Hveragerði, þar sem hún lenti í samstuði við mótherja sinn og þurfti hún að fara með sjúkrabíl á Landsspítalann í Fossvogi og með henni fór Sædís Bylgja sem var annar þeirra sem fór með hópinn í ferðina. Við máttum fara eftir nokkra klukkustundir á sjúkrahúsinu en ákváðum að gista í bænum ef að eitthvað skyldi koma uppá og náðum að troða henni í myndatöku í Orkuhúsinu morgun eftir og var það staðfest að hún var með slitíð krossband.



Í janúar var hið árlega Króksamót haldið og gekk það vel eins og öll hin árin og voru þátttakendur rúmlega 100 manns og var spilað á þremur völlum frá 09:00 til að verða 17:00 og fengu ungu krakkarnir að spreyta sig á dómgæslu ásamt þaulvöndum mönnum sem oft hafa blásið í flautuna.

Í þeim flokkum sem fóru á íslandsmót gekk vel 7 flokkur drengja vann sig upp í B riðil sem er virkilega góður árangur hjá þessum efnilegum drengjum sem eiga framtíðina fyrir sér í körfuboltanum.

7 flokkur kvenna vann sig upp í A riðil á síðasta móti vetrarins eftir að hafa alltaf tapað úrslitaleik í B riðli með örfáum stigum og var seinasta keppnishelgin tekin með trompi og allir leikirnir unnir og komið sér í A riðil og komnar í flokk þeirra 5 bestu á landinu í sínum flokk og þessar glæsilegu stelpur sem eru framtíðin okkar í kvenna körfubolta og þarf að hlúa vel að þeim og hugsa jafn mikið um þær eins og strákana okkar.

9 flokkur drengja endaði í C riðli eftir að hafa gefið eitt mót þar sem að hluti að liðinu komst ekki í Borgarnes vegna veðurs og spiluðu þeir einn leik bara 4 sem var alveg ómögulegt og var því ákvörðun tekin af foreldrum, þeim sjálfum, þjálfara, stjórninni og KKÍ að þeir myndu falla um riðil og spila því í C næst en ekki B eins og þeir voru. Einnig er þessi flokkur mjög fámennur og eru einungis 7 leikmenn í þessum flokk.

KKÍ heldur úti úrvalsþúðum þar sem að fjöldi iðkennda voru boðuð á og eru úrvalsþúðir undanfari fyrir landsliðsverkefni í framtíðinni.



Afreksbúðir KKÍ boðuðu Magnús Loga Sigurbjörnsson og Hildi Hebu Einarsdóttur í 60 manna úrtaks hóp fyrir U15 landsliðið.

Einnig áttum við fulltrúa í öðrum flokkum í yngri flokka landsliðum og má þar nefna Pétur Rúnar, Viðar, Bríeti Lilju og Lindu Þórdísi frábært körfuboltafólk sem við eigum og verður gaman að sjá þau í

framtíðinni vonandi að spila með A landsliði Íslands

Heilt á titið var veturinn ánægjulegur og gekk þokkalega vel og allir heilir eftir veturinn og gaman að sjá hvað við eigum mikið af frábæru körfuboltafólki sem á klárlega framtíðina fyrir sér í körfunni

Körfuboltakveðja

Sædís



Ársreikningur unglíngaráðs körfuknattleiksdeildar

Rekstrarreikningur tímabilsins 01.05.2015-30.04.2016

	2015-16	2014-15
Rekstrartekjur		
Æfingagjöld	3.079.678	3.022.750
Fjáraflanir	510.783	729.624
Auglýsingar og styrkir	323.802	888.250
Styrkur Svf. Skagafjörður	1.403.150	1.375.496
Rekstrartekjur samtals	5.317.413	6.016.120
Rekstrargjöld		
Launakostnaður	4.089.775	3.486.018
Dómara- & þátttökukostnaður	91.386	144.230
Þátttökukostnaður	310.000	205.000
Búningakaup yngri flokka	32.546	159.216
Húsaleiga v. þjálfara	556.000	504.000
Ferðakostnaður	945.714	894.704
Kostnaður vegna Króksamóts	143.523	140.802
Kostnaður vegna fjáraflana	114.750	0
Auglýsingar	0	46.320
Uppskeruhátíð	84.866	105.527
Annað	0	27.077
Rekstrargjöld samtals	6.368.560	5.712.894
Rekstrarhagnaður (-tap) án fjármagnsliða	-1.051.147	303.226
Fjármagnstekjur og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	19	1.007
Vaxtagjöld	58.576	22.448
	-58.557	-21.441
Hagnaður (-tap) ársins	-1.109.704	281.785

Efnahagsreikningur 30. apríl 2016

	30.04.2016	30.04.2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Krafa á meistaraflokk	0	213.864
Ógreidd æfingagjöld	701.250	1.431.750
Veltufjármunir samtals:	701.250	1.645.614
Eignir samtals	701.250	1.645.614
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Yfirdráttur á tékkareikningi	313.459	690.973
Ógreidd laun og launatengd gjöld	330.000	70.000
Skuld við meistaraflokk	270.865	0
Ógreitt vegna uppskeruhátíðar	117.516	105.527
Skammtímaskuldir samtals	1.031.840	866.500
Skuldir samtals	1.031.840	866.500
Eigið fé		
Flutt frá fyrra ári	779.114	497.329
Niðurstaða ársins	-1.109.704	281.785
Eigið fé samtals	-330.590	779.114
Skuldir og eigið fé samtals	701.250	1.645.614

Skýrsla stjórnar frjálsíþróttadeildar

Pistill formanns

Það er á margt að líta eftir þetta ár 2016 starfsemi deildarinnar var með svipuðu sniði . En deildin heldur út þjálfun á Frjálsíþróttum hér á Sauðárkróki í og keppir á vettvangi frjálsíþróttar í samstarfi við frjálsíþróttaráð UMSS. Og hefur þetta samstarf gengið með ágætum. Mótum . En keppendur okkar keppa undir merkjum UMSS á frjálsíþróttamótum.

Keppt var á á meistaramótum Frjálsíþróttasambandsins innanhúss og utanhúss ásamt nokkrum öðrum mótum og var árangur keppenda okkar með ágætum.

Fjárhagur deildarinnar er ekki góður en deildin hefur verið rekinn með lítilsháttar tapi undanfarið hefur það hellst verið að tekjur hafa minnkað en með nýjum samningum við styrktaraðila okkar er verið að vinna að efla fjárhaginn.

Barnastarf deildarinnar hefur verið starfandi undanfarin ár með góðum árangri. En ákveðið að byrja með æfingar fyrir yngri börn fyrir þrem árum síðan. Þessar æfingar hafa verið vel sóttar og hafa um 50-60 börn á þessum aldri sótt æfingar hjá okkur sem er gott mál og er áhugi á að halda þessu áfram hjá deildinni.

Frjálsíþróttafólk UMFT var valið um haustið og var Ísak Óli Traustason og Þórunna Ósk Sigurjónsdóttir valin frjálsíþróttafólk UMFT og Andrea Maya Chirikadzi efnilegasti unglingurinn



Mynd 1 Frá uppskeruhátíð frjálsíþróttadeildar

Að lokum vill ég þakka þjálfurum, foreldrum, stjórn og öllum öðrum fyrir gott samstarf

Sigurjón Leifsson

Formaður frjálsíþróttadeildar Tindastóls

Ársreikningur frjálsíþróttadeildar

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Tekjur:		
Æfingagjöld	2.305.761	2.221.500
Styrkir frá aðalstjórn	1.413.300	1.763.300
Fjáraflanir	536.784	548.600
Ferðastyrkur ÍSÍ	119.194	197.666
	4.375.039	4.731.066
Gjöld:		
Kostnaður vegna þjálfunar	3.808.795	4.870.503
Ferðakostnaður	348.890	900.074
Áhöld og tæki	0	3.942
FRÍ þjónustugjöld	0	-89.000
Auglýsingar	5.498	41.181
Mótahald	0	93.750
Bókhalds- og skrifstofukostnaður	37.603	24.680
Akstur í Varmahlíð	0	34.380
Sjúkrakostnaður	0	89.955
Annar kostnaður	0	10.112
	4.200.786	5.979.577
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	5.320	20.172
Vaxtagjöld	6.688	4.589
Samtals fjármagnsliðir	-1.368	15.583
Hagnaður (-tap) ársins	172.885	-1.232.928

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Veltufjármunir:		
Viðskiptakröfur	909.750	795.739
Aðrar skammtímakröfur	4.704	4.704
Handbært fé	45.879	207.326
Veltufjármunir samtals	960.333	1.007.769
Eignir samtals	960.333	1.007.769
Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Ferðasjóður	0	160.000
Ýmsar skammtímaskuldir	623.262	683.583
Skuldir samtals	623.262	843.583
Eigið fé		
Eigið fé frá fyrra ári	164.186	1.397.114
Hagnaður (-tap) ársins	172.885	-1.232.928
Eigið fé samtals	337.071	164.186
Skuldir og eigið fé samtals	960.333	1.007.769

Skýrsla stjórnar sunddeildar

Stjórnarstörf:

Aðalfundur Sunddeildar Tindastóls fyrir árið 2016, haldinn 21.febrúar 2017

Haldnir voru stjórnarfundir einu sinni í mánuði 2016.

Þau sem sitja í stjórn eru:

Þorgerður Þórhallsdóttir formaður, Aðalbjörg Hallmundsdóttir ritari og Stefán Ómar Stefánsson

Varamaður, Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir.

RH Endurskoðun ehf. hefur umsjón með bókhaldi og fjárreiðum deildarinnar.



Starfsemi deildarinnar:

Í janúar 2016 sóttu þrír þjálfarar skyndihjálparnámskeið hjá Tindastóli.

Þorgerður Þórhallsdóttir, Sigrún Þóra Karlsdóttir og Magnús Freysson voru þjálfarar/leiðbeinendur hjá deildinni frá janúar til maí.

Ungu þjálfarnir Sigrún Þóra Karlsdóttir og Magnús Freysson hættu í maí sem þjálfarar/leiðbeinendur. Þau ákváðu að mennta sig og fóru í Menntaskólann á Akureyri. Óskum þeim góðs gengis í framtíðinni.

Í október mánuði gerðum við þjálfarasamning fram á vorið við Árnýu Oddbjörgu Oddsdóttir. Hún er afrekskona í sundi, Árný er nemi á Hólum í Hjaltadal.

12.september. Héldum við haustfagnað á Kaffi Krók þar færði deildin sundiðkendum gjafir, sundhettur og sundtöskur.

15.september. Byrjuðu sundæfingar eftir gott sumarfrí.

8-9.október Þorgerður Þórhallsdóttir sótti þjálfunarnámskeið á Akureyri.

Styrkur:

Styrkurinn frá Sveitarfélaginu hefur komið sér vel á góðum notum, við sendum inn beiðni til SSÍ um að Ingi Þór Ágústsson myndi koma reglulega norður til að byggja upp deildina með okkur. Tekið var vel í þá beiðni. Ingi Þór kom nokkrum sinnum eftir áramótin. Við höfum verið í sambandi við hann af og til.

Í október þá gerðum við þjálfarasamning til vors við Árný Oddbjörgu Oddsdóttir. Ætlunin er að fara í æfingarferðir 2017 innanlands þar sem markmiðið er að gefa iðkendum kost á að æfa við aðstæður sem eru en hér standa til boða og verið er að horfa til aðbúnaðar og umgerðar.

Gera þau þar með stakk búin til að taka þátt í sundmótum á landsvísu, þar sem eru gerðar eru ýtrustu kröfur til sundíþróttarinnar.

Það æfðu 27 krakkar frá janúar – maí og um haustið byrjuðu 23 krakkar að æfa sund hjá sunddeildinni.

Hópnum var skipt í 2 hópa 2-3. bekkur eru með æfingar tvisvar í viku ásamt 4-9 bekkur eru með æfingar þrisvar í viku.

Einu sinni í mánuði er boðið uppá ávexti og grænmeti eftir æfingar og er það geysi vinsælt.

Einnig er boðið uppá æfingar innan húss án þess að farið sé í laugina. Þegar veður hamlar útiæfingum.

Mót:

Sunddeildin tók þátt í einu mót 2016 í Reykjavík og einu hér á Sauðárkróki.

KR. Gullmót 12-14 febrúar fór fram í Laugardalslaug í 50 m innilaug. Alls fóru 5 keppendur ásamt þjálfurum og foreldrum.

30. apríl Bikarmót Kiwanisklúbbsins Drangeyjar Sauðárkróki. Féll niður, vegna slæmra þátttöku.

24.nóvember-sprettmót í Sundlaug Sauðárkróks.

Að vanda stóðu krakkarnir sig vel, bættu árangur sinn og voru félaginu til sóma.



Engar Tilnefningar frá Sunddeild Tindastóls þetta árið.

Annað:

4.janúar Stjörnuljós á æfingu

14.janúar sleðaferð í Grænuklauf, heitt kakó og kex í vallahúsinu.

17.febrúar vinadagur í sundi

10.mars samverustund í húsi Frítímans sundiðkendum og foreldrar

27.apríl Íslandsmeistaramót í ísbaði fór fram í Sundlaug Sauðárkróks nokkrir sundiðkendum tóku þátt. Arnar Freyr Guðmundsson lenti í 3.sæti og Sindri Snær Ægisson í 4.sæti.

11.maí Fjöruferð

12.september Haustfagnaður/uppskeruhátíð

19.október vinadagur í sundi mátti bjóða 1-2 vinum með sér.

15.desember – Náttfatadagur í sundi, jólate og piparkökur.



Að lokum viljum við stjórnarmenn þakka öllum sem komið hafa að rekstri og starfsemi deildarinnar og einnig þeim fjölmörgu sem styrkt hafa sunddeildina á ýmsan hátt á árinu 2016.

Sauðárkróki, febrúar 2017

Stjórn sunddeildar Tindastóls.

Þorgerður Eva Þórhallsdóttir

Aðalbjörg Hallmundsdóttir

Stefán Ómar Stefánsson

Þorgerður Ásdís Jóhannsdóttir

Ársreikningur sunddeildar

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Tekjur		
Æfingagjöld	306.800	196.600
Styrkur frá aðalstjórn	611.656	881.653
Fjáraflanir	95.000	35.000
Samtals tekjur	1.013.456	1.113.253
Gjöld		
Kostnaður vegna þjálfunar	827.015	537.903
Mótahald	110.441	156.733
Bingó/Uppskeruhátíð	307.161	84.114
Ýmis kostnaður vegna iðkenda	281.108	69.761
Auglýsingar og símakostnaður	48.458	10.466
Aðkeypt þjónusta við bókhald og gjaldkera	62.372	0
Félagsgjöld	121.150	157.700
Annar rekstrarkostnaður	1.942	4.709
Samtals gjöld	1.759.647	1.021.386
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	24.269	26.755
Vaxtagjöld	9.805	7.961
Samtals fjármagnsliðir	14.464	18.794
Hagnaður (-tap) ársins	-731.727	110.661

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Handbært fé	665.837	1.403.063
Aðrar skammtímakröfur	35.000	35.000
	700.837	1.438.063
Eignir samtals	700.837	1.438.063
 Skuldir og eigið fé		
Skuldir		
Laun og tengd gjöld	74.852	48.052
Ýmsar skammtímaskuldir	30.021	62.320
Skuldir samtals	104.873	110.372
Eigið fé		
Höfuðstóll frá fyrra ári	1.327.691	1.217.030
Hagnaður (-tap) ársins	-731.727	110.661
Eigið fé samtals	595.964	1.327.691
 Skuldir og eigið fé samtals	700.837	1.438.063

Skýrsla stjórnar skíðadeildar

Aðalfundur Skíðadeildar Tindastóls haldinn 9 júní 2016

Við höldum fjölmarga stjórnafundi á árinu bæði formlega og óformlega og gengu þeir flestir út á að gera gott starf betra. Föstudaginn 11 des var var allt klárt fyrir opnun og var fyrsti opnunar dagur 12 des. Skíðasvæðið var opið 89 daga á þessi tímabili og komu 5860 gestir .



Vetrardagskráin var með sama fyrirkomulagi og undanfarin ár en með smá nýjungum.

Þar má nefna world snow ski day, vetrarleika og svo bæði mótin okkar, Steinullar- og Sauðárkróksbakarismót að sjálfsögðu vorum við með veglega páskadagskrá og enduðum svo veturinn á Ísmanninum en sú keppni heppnaðist afar vel og á bara eftir að vaxa og verða eftirsótt ef við vöndum okkur við að kynna þessa þraut vel en til gaman má geta þess að Indriði Einarsson er

Ísmaðurinn 2016 og er vel af því komin.

Við unnum heilmikið að markaðstarfi og vorum í samstarfi við skíðasvæðin á norðurlandi sem var aðallega fólgin í 5x5 verkefninu en partur af því var að taka á móti 70manna hóp frá fjölmiðlum og söluskrifstofum hefur þetta verið árlegt hjá okkur og gengið nokkuð vel en betur má ef duga skal það er allavega ljóst að við verðum að efla þennan lið hjá okkur og fara í en meiri kynningu á skíðasvæðinu og sportinu.

Varðandi uppbyggingu á svæðinu þá erum við að láta vinna fyrir okkur nýtt deiluskipulag þar er nýr skáli topplyfta og ýmislegt annað er á dagskrá.

Vinna við skálateikningar eru á síðustu metrum og er áætlað að þeirri vinnu ljúki mjög fljótlega.

Það stendur til að efna loforð frá 2009 um að fá bundið slitlag á veginn og að ég best veit þá fer þessi framkvæmd í útboð á næstu dögum og framkvæmdum á að vera lokið fyrir næsta vetur.

Við vorum einstaklega heppin með veður og færið í vetur enda fjölgaði ekki bara gestunum heldur var líka uppsveifla hjá okkur á æfingum.

Það voru 3 þjálfara hjá okkur í vetur Gunnar Björn , Venni og Siggi Bjarni reynt var að hafa 3 til 4 æfingar á viku og allt gekk mjög vel fórum í tvær æfingaferðir á Sigló og á fjölmörg mót.



Þegar ég skrifa þennan pistil þá er ég að hugsa hvað veldur því að það er að koma svona margir nýir krakkar í skíðasportið og er ég sannfærður um að þar er að skila sér samstarfið við skólana í Skagafirðir um að koma með alla á skíði að minnstakosti einu sinni yfir veturinn svo auðvitað á töfrateppið á stóran þátt í því að auðvelta byrjendum að koma á skíði og tel ég að stjórnin hafi gert virkilega góða hluti með því að fara í þessa framkvæmd. Það er aðeins eitt sem veldur mér vonbrigðum þennan vetur og er það hversu léleg aðsókn er á gönguskíði þrátt fyrir góðar aðstæður og er vert að skoða hvað veldur.

Þegar farið er yfir veturinn þá auðvitað hugsar maður fram á við og er það mín von að við sjáum nýjan skála rísa og áfram verði unnið að markvissri uppbyggingu á svæðinu til að við getum tekið almennilega á móti fólki og fjölgað ferðamönnum en um leið gert gott útvistar svæði betra fyrir heimafólk ég er viss um að bara það að efna gamalt loforð um að lagfæra vegin uppeftir þá eigum við eftir að sjá töluferða aukna traffík upp á skíðasvæði og þá er ekki endilega bara til að skíða heldur til stunda allskonar útivist ég vil þakka starfsmönnum og öllum þeim sem aðstoðuðu okkur fyrir að gera þennan vetur að einum þeim skemmtilegasta sem ég hef upplifað lengi ég vil þakka stjórninni fyrir velunnin störf og óska næstu góðgengis með þau verkefni sem eru framundan



Takk fyrir

Sigurður Bjarni Rafnsson Formaður Skíðadeild Tindastóls.



Ársreikningur skíðadeildar**Rekstrarreikningur tímabilsins 1.5.2015 - 30.4.2016**

	2015-16	2014-15
Tekjur		
Tekjur af skíðasvæði	10.242.250	5.602.974
Svf. Skagafjörður, rekstrarstyrkur	13.872.060	13.480.000
Auglýsingar	767.000	897.883
Æfingagjöld	0	250.000
Aðalstjórn	690.627	831.479
Ýmsir styrkir	4.700.000	4.280.458
Tekjur samtals	30.271.937	25.342.794
Gjöld:		
Vörukaup	909.789	0
Laun og launatengd gjöld.	12.019.432	11.034.197
Hönnun og teikningar	2.192.000	0
Heimasíðugerð	578.980	0
Flutningsgjöld	2.560	0
Viðhaldskostnaður svæðis	2.785.458	4.276.340
Rafmagn	1.578.186	1.525.672
Olíur og eldsneyti	2.262.868	2.650.315
Tryggingar	310.289	397.027
Fasteignagjöld	292.664	240.877
Leiga á skíðalandi	71.534	0
Skidata, miðar og leyfi	139.500	280.688
Ritföng, pappír, prentun & auglýs.	340.141	900.024
Sími	97.839	107.783
Auglýsingar	526.420	0
Félags- og aðildargjöld	211.846	218.278
Tölvukostnaður	51.360	161.924
Ferðakostnaður	444.701	97.742
Vinnufatnaður	254.218	0
Gjafir og styrkir	94.905	0
Námskeið	45.000	189.029
Foreldrafélag skíðadeildar	327.833	0
Verðlaunagripir	76.000	16.000
Keppnisgjöld	6.000	18.500
Önnur gjöld	6.875	13.802
Gjöld samtals	25.626.398	22.308.092
Afskriftir	4.892.689	3.662.024
Fjármagnsliðir	-600.571	335.110
Hagnaður (-tap) ársins	-847.721	-292.212

Efnahagsreikningur 30. apríl 2016

	30.04.2016	30.04.2015
Eignir		
Fastafjármunir:		
Greidd leiga til Torfa	959.936	1.010.459
Skíðaskáli	781.797	822.944
Skíðasvæðið	20.974.001	22.797.827
Búnaður skíðaleigu	695.906	869.883
Troðari	1.507.534	1.884.417
Vélsleði	1.024.000	1.280.000
Bifreið	728.747	910.934
Leiktæki	1.109.762	1.387.202
Töfrateppi	9.694.003	11.404.790
Fastafjármunir alls	37.475.686	42.368.375
Veltufjármunir:		
Arion banki 301268	2.180.890	69.488
Arion banki 15475	255.187	266.224
Arion banki	979	979
Kaupfélag Skagfirðinga, innlánsd.	11.765	11.765
Viðskiptakröfur	1.417.400	896.527
Sjóður	5.550	0
Veltufjármunir alls	3.871.771	1.244.983
Eignir samtals	41.347.457	43.613.358
Skuldir og eigið fé:		
Skuldir		
Skammtímaskuldir		
Kaupfélag Skagfirðinga	7.197.575	9.640.107
Aðrar skuldir	1.375.756	477.431
Aðrir viðskiptamenn	126.027	0
Skammtímaskuldir alls	8.699.358	10.117.538
Skuldir alls	8.699.358	10.117.538
Eigið fé:		
Höfuðstóll frá fyrra ári	33.495.820	33.788.032
Hagnaður (-tap) ársins	-847.721	-292.212
Eigið fé samtals	32.648.099	33.495.820
Skuldir og eigið fé samtals	41.347.457	43.613.358

Skýrsla bogfimdeildar

Fyrri hluti árs 2016 var frekar daufur hjá okkur nokkrir sem byrjuðu að æfa en datt niður fljótlega og var nokkuð slitrótt mæting æfingar. Haldið var vorslútt í Litla skóg og tekinn stuttur hringum á 3D Skotmörk svo grillað og þótti það takast vel.

Litil sem engin áhugi var á æfingum um sumarið. Haldið var Íslandsmótið í Bogfimi utanhús. Og enn sem fyrridaginn þá skaraði aðstaðan og umhverfi úr. Veður var frábært. Hátt í 40manns kom að mótinu með einum eða öðrum hætti keppendur og aðrir.

Indriði R. Grétarsson hélt bogfimikynningar á nokkrum stöðum óbeint í gegnum bogfimdeildina vegna styrk sem fékkst frá umfi á því



Haustið byrjaði með krafti þar sem margir krakkar sem komu og voru að prófa og fullt var fyrstu 4-6 vikurnar í að prófa. En jákvætt var að sjá að einhverjir komu til baka sem höfðu verið lítið um veturinn. Ekki skilaði það sér alveg að fullu í iðkenda fjölda en má þar einn helst kenna hversu seint tímarnir eru og hversu oft þeir eru að detta niður vegna annarra viðburða í húsinu. Krakkarnir þarfnast stöðugleika.

Það sást greinlega að þegar aðsókn fór að dvína þar sem að tímar voru ekki reglulegir.

Farið var á bogfimi mót á Akureyri og náðu nokkrir okkar keppenda að komast á verðlauna.

Einnig má nefna að Bogfimdeild Tindastóls var að veruleika með umsókn á kt og í samræmi við samþykktir aðalfundar

En að öðru þá heldur starfið áfram og vonir eru um að það aukist.

Fyrir hönd Bogfimdeildar Tindastóls

Indriði R. Grétarsson



Ársreikningur bogfimideildar

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Tekjur		
Leiga á mörkum	25.000	0
Styrkir	185.752	290.000
Æfingagjöld	70.000	109.000
Tekjur samtals	280.752	399.000
Rekstrargjöld		
Kaup á öryggisneti	130.392	0
Áhöld og rekstrarvörur	54.442	0
Vorslútt	15.539	0
Stofnun kennitölu	5.000	0
Skotskífur	0	7.398
Kaup á mörkum	0	471.696
Auglýsingar	0	4.790
Rekstrargjöld samtals	205.373	483.884
Fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur	3.288	12.449
Fjármagnstekjuskattur	0	2.489
Fjármagnsgjöld samtals	3.288	9.960
Hagnaður (-tap) ársins	78.667	-74.914

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Veltufjármunir:		
Bankainnistæður	154.265	75.598
Veltufjármunir alls	154.265	75.598
Eignir alls	154.265	75.598
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé:		
Eigið fé í upphafi árs	75.598	150.215
Hagnaður ársins	78.667	-74.914
Eigið fé samtals	154.265	75.598
Skuldir og eigið fé samtals	154.265	75.598

Skýrsla júdódeildar

Júdódeild Tindastóls 2016

Æfingar hófust mánudaginn 4. janúar 2016 á nýju ári hjá Júdódeild Tindastóls. Æfingar voru á þriðjudögum, fimmtudögum og föstudögum fyrir yngri og eldri hóp ásamt því sem sérstakar kvennaæfingar voru á mánudögum. Notast var við aðstöðu í Íþróttasal gamla barnaskólans á Sauðárkróki við Freyjugötu/Sæmundargötu. Þjálfari var Einar Örn Hreinsson og til vara voru Judith Bischof, Jakob Smári Pálmason, Magnús Freyr Gíslason og Magnús Hafsteinn Hinriksson.

Júdódeildin átti þrjá keppendur í yngri flokkum, eða frá 11 til 20 ára, á Afmælistóti JSÍ 30. janúar og tvo keppendur á Góumóti JR sem haldið var 20. febrúar en vegna veðurs forfölluðust flestir keppendur Júdódeildarinnar fyrir það mót. Þetta er annað árið í röð sem veðrið setur strik í reikninginn fyrir Góumótið, sem er ætlað 8 til 10 ára iðkendum. Fjórir fulltrúar Júdódeildarinnar kepptu svo á Vormóti JSÍ sem haldið var 5. mars og fór það fram í Reykjavík líkt og áðurtalin tvö mót.

Fastur liður hvernar annar er foreldraæfing, þar fá foreldrar tækifæri til að læra grunnatriði í júdó í gegnum leiki og glímur. Þann 8. mars var foreldraæfing blásin á og var hún vel sótt og oft tókust iðkendur og foreldrar hart á.

Norðurlandsmóti, sem komið hafði verið á 12. mars á Blönduósi, þurfti að fresta vegna mjög mikils óveðurs og verður vikið að því síðar.

Félagar okkar í Pardus á Blönduósi heimsóttu okkur þann 1. mars og héldum við sameiginlega æfingu en það hefur skapast hefð fyrir því að bjóða þeim helst einu sinni á hverri önn. Við það tækifæri var myndin hér fyrir neðan tekin.



Júdódeildin átti fjóra keppendur á Páskamóti JR sem haldið var 3. apríl en á því móti eru páskaegg gefin í verðlaun. Íslandsmót fullorðinna var haldið 16. apríl og átti Júdódeildin þar einn fulltrúa. Íslandsmót yngri var svo haldið 30. apríl og átti Júdódeildin þar þrjá keppendur og hampaði Þorgrímur Svavar Runólfsson íslandsmeistaratitli í sínum flokki. Það er ánægjulegt fyrir Júdódeildina að vera með íslandsmeistara í hópnum.

Botninn var sleginn í starf vorannarinnar þann 29. maí með Vormóti Tindastóls, sem er orðinn fastur liður í dagskránni. Keppendur voru alls 48 frá fjórum félögum: Draupni á Akureyri, Pardusi á Blönduósi og JR í Reykjavík auk Júðódeildar Tindastóls. Myndin hér fyrir neðan er tekin við verðlaunaafhendingu.



Fimm iðkendur Júðódeildarinnar ásamt þjálfara þáðu boð Júðódeildar Ármanns um að slást í hópinn á æfingabúðir til Linköping í Svíþjóð 11. til 14. ágúst. Þessi ferð heppnaðist vel og þessa daga voru yfirleitt tvær júðóæfingar á dag ásamt skoðunarferðum inni á milli og því mikið um að vera bæði utan og innan vallar.

Eftir vorönnina var ljóst að Júðódeildin var á götunni eftir að sveitarfélagið seldi gamla barnaskólann ásamt íþróttasalnum, sem hafði verið æfingaaðstaða deildarinnar síðustu tvö árin. Ekki var unnt að finna heppilega æfingaaðstöðu og á endanum fékk Júðódeildin tíma í íþróttahúsinu á Sauðárkróki.

Haustönnin hófst 19. september og bauð upp á aldursskipta tíma fyrir 9 ára og yngri, 10 til 14 ára og 15 ára og eldri. Verður að segjast eins og er að tímarnir sem úthlutaðir voru í íþróttahúsinu setja mjög skorður á starfsemi deildarinnar - bæði vegna tímasetningar og lengd æfinganna. Júðódeildin er þó mjög þakklát fyrir að fá aðstöðu í húsinu, sem annar vart eftirspurn, en lítur samt á þetta sem tímabundna lausn og er enn að leita að heppilegu húsnæði fyrir starfsemi sína.

Fimm iðkendur frá júðódeildinni fóru á Haustmót JSÍ sem haldið var í Grindavík 8. október og 21 kepptu á Norðurlandsmótinu sem haldið var á Blönduósi 29. október eftir að því hafði verið frestað vegna veðurs í undangengnum marsmánuði. Myndin hér fyrir neðan er frá verðlaunaafhendingu.



Foreldraæfing var á dagskrá 9. nóvember og önninni lauk svo með Jólamóti Tindastóls þar sem 22 iðkendur Júðódeildarinnar voru skráðir til leiks og fengu allir gullpening. Eftir mót var öllum keppendum boðið í pítsuveislu.

Tilnefning júðódeildarinnar til kjörs íþróttamanns Tindastóls fyrir árið 2016 var að þessu sinni Viktor Darri Magnússon. Tsvetan Tsvetanov Michevski var valinn sem fulltrúi júðódeildarinnar í hóp ungs og efnilegs íþróttafólks sem UMSS heiðrar í lok hvers árs.

Júðódeildin endurvakti formlega starfsemi sína eftir nokkurt hlé haustið 2014 og hafði þá safnað peningum fyrir júðódýnum og júðógöllum og munaði þar mestu um framlag sveitarfélagsins, 600.000kr., Tindastóls, 300.000kr. og Sparisjóðs Skagafjarðar, 200.000kr. Júðódeildin varð svo formlega deild innan Tindastóls á aðalfundi 2. mars 2016.

Einu tekjur deildarinnar eru félagsgjöld iðkenda ásamt því sem minni styrkir hafa verið sóttir til fyrirtækja vegna mótahalds og vegna kaups á merktum fatnaði. Engir beinir peningastyrkir, aðrir en þeir sem á undan hefur verið gert grein fyrir, hafa verið þegnir frá sveitarfélaginu eða Tindastóli. Öll vinna og þjálfun við deildina er enn unnin í sjálfböðavinnu. Markmið deildarinnar er þó að í framtíðinni geti iðkendagjöld staðið undir þjálfarakostnaði enda sé það forsenda þess að deildin geti dafnað eðlilega til langs tíma litið.

Ársreikningur júdódeildar

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Tekjur		
Peysu og töskusala	55.400	88.000
Félagsgjöld	521.000	483.681
Júdóbúningasala	143.500	31.600
Aðrir styrkir	65.000	90.000
Tekjur af mótum	192.000	94.900
Ýmsar tekjur	56.000	11.959
Tekjur samtals	1.032.900	800.140
Gjöld		
Júdóbúningar fyrir iðkendur	42.035	0
Peysur og töskur	0	150.500
Auglýsingar	21.716	26.664
Tollur af júdóbúningum	25.564	46.749
Mótsgjöld	220.718	127.059
Gjöld til JSÍ	21.000	3.000
Bankakostnaður	593	0
Annar kostnaður	56.761	30.527
Gjöld samtals	388.387	384.499
Afskriftir	114.191	120.867
Fjármagnsliðir		
Vaxtatekjur	7.198	4.942
Vaxtagjöld	0	0
Fjármagnsliðir samtals	7.198	4.942
Hagnaður (-tap) ársins	537.520	299.716

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Veltufjármunir:		
Bankareikningur	1.005.447	413.835
Júdódygur	844.143	937.937
Júdóbúningar	179.108	149.872
Aðrar eignir	4.466	0
Veltufjármunir alls	2.033.164	1.501.644
Eignir alls	2.033.164	1.501.644
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé:		
Eigið fé í upphafi árs	1.501.644	1.201.928
Hagnaður ársins	537.520	299.716
Eigið fé samtals	2.033.164	1.501.644
Skuldir og eigið fé samtals	2.033.164	1.501.644

Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Númer í sjóðaskrá 1246

Rúnar Ingi Björnsson var efnilegur íþróttamaður hjá UMF Tindastóli. Hann lést við verkamannastörf ungur að aldri. Foreldrar hans stofnuðu minningarsjóð í hans nafni sem hefur styrkt afreksfólk og afrekshópa, bæði til ferðalaga og keppni.

Stjórn sjóðsins samanstendur af formanni UMF Tindastóls, skólastjóra Árskóla og sóknarpresti Sauðárkróskirkju. Umsóknir um styrk úr minningarsjóðinum þurfa að berast formanni UMF Tindastóls. Fyrir aðalfund á hverju ári hittist stjórnin og fer yfir umsóknir. Þær sem eru samþykktar koma til úthlutunar á aðalfundi félagsins.

Á árinu 2016 var úthlutað fjórum styrkjum úr sjóðnum. Formaður UMF Tindastóls afhenti styrkina á aðalfundi Tindastóls 2. mars 2016.

Eftirfarandi aðilar hlutu styrk:

1. Körfuknattleiksdeild kr. 50.000 vegna þátttöku Péturs Rúnars Birgissonar í landsliðsverkefnum
2. Frjálsíþróttadeild kr. 100.000 vegna keppnisferðar til Bandaríkjanna
3. Frjálsíþróttadeild kr. 50.000 vegna þátttöku Þórönnu Óskar Sigurjónsdóttur í landsliðsverkefnum
4. Knattspyrnudeild kr. 100.000 vegna æfingaferðar 3. flokks

Ársreikningur Minningasjóður um Rúnar Inga Björnsson

Rekstrarreikningur ársins 2016

	2016	2015
Tekjur		
Styrkir og gjafir	59.000	11.000
Tekjur samtals	59.000	11.000
Gjöld		
Styrkveitingar skv. skipulagsskrá	300.000	160.000
Annar kostnaður	0	200
Gjöld samtals	300.000	160.200
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	-241.000	-149.200
Fjármunatekjur- og fjármagnsgjöld		
Vaxtatekjur og verðbætur	122.565	112.496
Fjármagnstekjuskattur	-24.513	-22.499
Fjármagnsliðir samtals	98.052	89.997
Niðurstaða rekstrar	-142.948	-59.203

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	31.12.2016	31.12.2015
Eignir		
Veltufjármunir		
Bankainnstæður og sjóðir	2.645.924	2.788.872
Veltufjármunir samtals	2.645.924	2.788.872
Eignir alls	2.645.924	2.788.872
Skuldir og eigið fé		
Eigið fé		
Eigið fé í ársbyrjun	2.788.872	2.848.075
Tekjur umfram gjöld	-142.948	-59.203
Eigið fé samtals	2.645.924	2.788.872
Skuldir og eigið fé alls	2.645.924	2.788.872